

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. september 2005 - 246. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Þrjú lið enn í fallhættu

Næstíðasta umferð Landsbankadeildar karla fór fram í gær og eftir hana geta Fram, ÍBV og Grindavík enn fallið í 1. deild



ÍÞRÓTTIR 20

Ekki var gert ráð fyrir því fólk

Þegar beðið var um lyf í kjölfar fellibylsins fengu hjálparstarfsmenn í New Orleans send lyf gegn miltisbrandi, skrifar Guðmundur Andri Thorsson sem finnst lítið til viðbragða bandarískra stjórnvalda við fellibylnum Katrínu koma.



UMRÆÐAN 16

Brúðan Lilli

Kemur sterkur inn í kvöldþættinum eftir margra ára fjarveru úr sjónvarpi.



FÓLK 30

Hápunktur að verða móðir

Hin geðþekka leikkona Þórunn Erna Clausen er þritug í dag.



TÍMAMÓT 18


VEÐRIÐ Í DAG



VONSKUVEÐUR MEÐ SUÐURSTRÖNDINN sem gengur yfir landið síðdegis og í kvöld með slagveðurs rigningu. Framan af degi verður veður skaplegt nýrðra og eystra. Hiti yfirlit 6-13 stig. veður 4

SUÐURHORNIÐ

Lestur á mánuðögum*



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í júlí 2005. Lestur meðal 12-80 ára á mánuðögum.



LEITAÐ Í FJÖRUNNI Fjölmenn lið tók þátt í leit í fjörum frá Gróttu út á Kjalarnes. Fjöldi báta leitaði á sundunum og kafarar í Viðeyjarsundi.

Fjölskylda og vinir tóku þátt í leitinni

Á annað hundrað manns leituðu mannsins sem saknað er eftir sjóslysið við Skarfasker. Tugir vina hans og ættingja tóku þátt í leitinni.

SJÓSLYS Um 150 manns leituðu Friðriks A. Hermannssonar, mannsins sem saknað er eftir sjóslysið við Skarfasker í fyrrinótt. Meðal þeirra sem leituðu voru 30 vinir og ættingjar Friðriks.

Fjörur voru gengnar auk þess sem kafarar leituðu í Viðeyjarsundi og björgunarsveitarmenn og félagar í Snarfara, félagi sportbátaeigenda, sigldu um sundin.

Einn þeirra sem tóku þátt í leitinni er Helgi Laxdal, formaður Vélstjórufélags Íslands og vinur Friðriks. „Ég hitti Friðrik á föstudag um hálfimm leytíð, þá var hann að kaupa kjött á grillið sem átti að grilla í bátsferðinni,“ segir Helgi. Tveimur klukkustundum eftir fund þeirra Helga hélt Friðrik í bátsferðina sem endaði með sjóslysinu rétt fyrir klukkan tvö um nóttina.

Helgi tók þátt í leitinni ásamt

fjölmörgum vinum og ættingjum Friðriks. „Hann er vinamargur og þekkti marga svo þeir voru ófáir sem gengu fjörur eða leituðu á sjó.



Konan sem lést í sjóslysinu á Viðeyjarsundi aðfaranótt laugardags hét **Matthildur Harðardóttir**. Matthildur var 51 árs, fædd 20. mars 1954. Hún lætur eftir sig tvo syni. Matthildur var búsett í Kópavogi og starfaði sem lögfræðingur. Maðurinn sem saknað er heitir **Fríðrik Ágúst Hermannsson**, hjáttu og fjögurra ára lögfræðingur, fæddur 28. september 1971. Hann á einn son. Friðrik og Matthildur voru í sambúð.

Hann er lögfræðingur okkar í Vélstjórufélaginu og við höfum unnið saman frá því 1997 og því þekkjumst við vel,“ segir Helgi.

Eigandi skemmtibátsins er einnig félagi í Snarfara og létu félagsmenn til sín taka við leitina. „Við létum strax boð berast til okkar félagsmanna sem brugðust skjótt við og nú erum við með tuttugu og fimm báta úti við að leita þannig að við erum með hátt upp í hundrað manns sem eru að leita,“ sagði Hafþór Sigurðsson, formaður Snarfara, þegar rætt var við hann síðdegis í gær.

Eigandi bátsins hafði nýlega fengið hann sendan frá Bretlandi en hann er smíðaður í Noregi. Hann er af gerðinni Skilsö og segir Hafþór að slíkir bátar geti farið upp í 50 kílómetra hraða á klukkustund.

- jse / sjá síðu 4

38 ára hernámi Ísraela á Gaza lauk formlega í gær:

Síðustu Ísraelarnir farnir frá Gaza

GAZA, AP Hernámi Gaza-svæðisins, sem staðið hefur í 38 ár, er nú lokið að sögn Ísraela sem lokuðu herstöðvum sínum í gær og fluttu síðustu hermennina burt nú í morgun. Atkvæðagreiðsla fór fram í ríkisstjórn Ísraela í gærmorgun þar sem samþykkt var að ljúka hernáminu, en hún var þó fyrst og fremst táknræn þar sem landnemarnir 8.500 voru þegar farnir.

Palestínumenn benda hins vegar á að Ísraelar ráða enn lofthelginni yfir svæðinu, skipaumferð úti



FÁNINN BROTTINN SAMAN Ísraelskir hermenn sjást hér brjóta fánann saman. Hann var tekinn niður áður en þeir yfirgáfu herstöðina í gær.

fyrir ströndinni og umferð um landamærin inn á svæðið. Þeir vilja fá fulla stjórn yfir landamærunum þar sem ferðafrelsi sé nauðsynlegt til að endurreisa efnahag svæðisins. Ísraelar vilja ekki gefa stjórnina eftir, í það minnsta ekki strax, af ótta við smygl á vopnum inn á svæðið.

Ísraelar hernámu Gaza-svæðið í Sex daga stríðinu árið 1967, ásamt Vesturbakkanum og austurhluta Jerúsalem.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Cassini-Huygens leiðangurinn:

Títan líkist jörðinni

ALHEIMURINN Jörðin og Títan, eitt tungla Satúrnusar, líkjast á margan hátt. Þetta sýna athuganir sem vísindamenn hjá NASA, bandarísku geimferðastofnuninni, hafa gert á gögnum úr Cassini-Huygens geimfarinu.

Þæði Títan og jörðin hafa þannig veðrakerfi í lofthjúpnum og eldvirkni spilar einnig stórt hlutverk í myndun beggja hnatta. „Títan er ef til vill það fyrirbæri í okkar sólkerfi sem líkist jörðinni hvað mest,“ segir Jonathan Lunine, stjörnufræðiprófessor við Arizona-háskóla. ■



MÓTMÆLI Í SANTIAGO Grímuklæddir mótmælendur brenndu bandaríska fánann.

Valdaráns minnst:

Átök brutust út í grafreitnum

CHILE, AP Átök brutust út þegar nokkur þúsund manns gengu um götur Santiago, höfuðborgar Chile, til að minnast þess að 32 ár væru liðin frá valdaráni Augustos Pinochet. Þrettán voru handteknir en ekki kom fram hvort einhverjir hefðu meiðst.

Francisco Vidal innanríkisráðherra sagði að hundrað til 150 manns bæru ábyrgð á því að til átaka kom, en gangan fór að mestu friðsamlega fram þar til upp úr saði í grafreit þar sem minnast átti þeirra sem létust af völdum stjórnvalda í valdatíð Pinochets. Lögregla notaði táragas og vatnsbyssur til að dreifa mannfjöldanum. ■

VÍKULEGAR SIGLINGAR
ATLANTSSKIP
FLYTJA VÖRUR
FRÁ EVRÓPU

Þriðjudagar
Immingham / England

591 3000



SPURNING DAGSINS

Felix, ætlar þú nú að fara að hjóla með hnéhlifar?

Ég ætla að minnsta kosti ekki að stíga aftur á hjólið einum og hálfum tíma fyrir sýningu.

Aflýsa þurfti sýningu á Kabarett í Íslensku óperunni vegna þess að aðalleikarinn, Felix Bergsson, snéri sig á hné þegar hann datt á hjóli.

Bjarni Benediktsson:

Ætlar ekki í varaformann

STJÓRNMÁL Bjarni Benediktsson þingmaður ætlar ekki að bjóða sig fram sem varaformann Sjálfstæðisflokksins á komandi landsfundi.

„Ég var aldrei þeirrar skoðunar að ég ætti að fara í þetta fram-“

Bjarni, sem er formaður allsherjarnefndar Alþingis. Hann gaf sér hins vegar tíma til að hugsa málið eftir að hafa fengið hvatningu um að fara fram. „En ég er enn sömu skoðunar.“

Hann segist treysta Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttir menntamálaráðherra vel fyrir embættinu og ætlar að styðja hana. - grs



ARON PÁLMI Björnsen enn heimkomunnar

Lausn Arons Pálma:

Tefst vegna fellibylsins

STOFUFANGELSI „Ég reyni að hafa eitthvað fyrir stafni“, segir Aron Pálmi Ágústsson sem biður þess að verða leystur úr haldi í Texas. Hann segist bíða þolinmóður eftir lausn málsins sem tefst væntanlega eitthvað vegna fellibylsins Katrínar.

Aron segir að lögmaður RJF-hópsins í San Diego sé í sambandi við skrifstofu ríkisstjórans í Texas og reyni að þrýsta á um að hraða ferlinu. - óá

Talið að kviknað hafi í út frá kerti í svefnskála á Kárahnjúkum:

Á annan tug flýðu brennandi skálann

ELDSVÖÐI Kona fékk reykeitrun er eldur kviknaði í svefnskála fjórtán kvenna á Kárahnjúkum rétt eftir miðnætti í fyrrinótt. Á annan tug manna, sumar kvennanna og gestir þeirra, voru í skálanum.

Við frumrannsókn lögreglunnar á Egilsstöðum virðist sem eldurinn hafi kviknað út frá logandi kerti við innganginn í skálanum. Mikill reykur og sót myndaðist út frá eldinum og var unnið við hreinsunarstörf þar í gær. Skemmdir urðu töluvert miklar í sameiginlegum vistarverum kvennanna við anddyrið.

Leó Sigurðsson, öryggisstjóri

við Kárahnjúka, þakkar góðu brunavarnarkerfi því hve hratt var brugðist við eldinum. Fólkið hafi einnig brugðist hárrétt við, hringt í Neyðarlínuna og gripið til handslökkvitækis. Eldur hafi verið að mestu slökktur þegar slökkviliðið kom að skálanum: „Reykkafarar fóru inn í húsið og gengu úr skugga um að þar væri enginn, en svo leyndist eldur í fölsku lofti og uppi í þaki og slökktum við hann fljótt.“ - gag

LÖGREGLA SKOÐAR UMMERKI ELDSINS Fjórtán konur, íslenskar, taílenskar, portúgalskar og filippseysskar, bjuggu í skálanum.



Algjör óvissa um úrslitin í kosningum til Stórþingsins

Nokkur atkvæði geta ráðið úrslitum um það hvort mynduð verður hægri- eða vinstri-stjórn að loknum kosningum til norska Stórþingsins sem fram fara í dag.

NOREGUR Norskir kjósendur ganga að kjörborðinu í dag og kjósa til Stórþingsins. Spennan er í hámarki en fylgiskannanir gærdagsins, þær síðustu fyrir kosningar, benda til þess að rauðgræna bandalagið hafi aftur náð vopnum sínum eftir að hafa síðustu vikuna misst niður forskot sitt gagnvart Kjell Magne Bondevik og borgaraflokkunum.

Höfðað hefur verið til kjósenda borgarflokkanna að kjósa Vinstriflokkinn, frjálslyndan smáflokk, en með því móti gæti hann komist yfir fjögurra prósentu fylgismörkin sem þarf til að öðlast rétt til uppboðarþingsæta. Kannanir hafa sýnt að undanförunu að Vinstriflokkurinn eigi góða möguleika á að ná allt að níu þingsætum í stað tveggja og aukið þannig líkur á áframhaldandi stjórn Kristilega þjóðarflokksins og Hægri-flokksins með fulltingi Framfaraflokksins.

Nú hefur það hins vegar gerst að Kristilegi þjóðarflokkurinn og Hægri-flokkurinn tapa um tveggja prósentustiga fylgi hvor flokkur á sama tíma og Vinstri-flokkurinn heldur sér yfir fjögurra prósentu markinu. Verkamannaflokkurinn, Sósíalíski vinstri-flokkurinn og Miðflokkurinn, eða hið svonefnda rauðgræna bandalag, hafa aftur á móti bætt við sig og fengi 87 þingsæti á norska Stórþinginu á móti 81 þingsæti sem kæmu í hlut borgaraflokkanna.

Jens Stoltenberg þykir hafa staðið sig vel í kosningaslagnum síðustu dagana, einkum í sjónvarpi þar sem hann mætir tíðast



ATKVÆÐI GREIDD Kjell Magne Bondevik forsætisráðherra greiddi atkvæði á kjörstað nærri heimili sínu í Kolbotn við Ósló í gær.

Kjell Magne Bondevik. Vinstri-sveiflan á síðustu metrunum er einkum rakin til þessa.

Úrslit kosninganna í dag geta ráðið á tiltölulega fáum atkvæðum og kosningaþáttökunni sjálfri, en kannanir benda til þess að hún verði varla undir 90 prósentum.

Fylgi Framfaraflokksins mælist áfram mikið eða liðlega 21 prósent. Áframhaldandi minnihlutastjórn Kjell Magne Bondevik er nauðugur einn kostur að reida sig á stuðning eða hlutleysi Framfaraflokksins í þinginu, en stjórn hans getur haldið velli þar til samþykkt yrði

vantrauststillaga á stjórnina á norska Stórþinginu. Óvíst er um stuðning Framfaraflokksins og Carls I. Hagen við Kjell Magne Bondevik og í ljósi nýjustu fylgiskannanna virðast möguleikar Jens Stoltenbergs á að mynda meirihlutastjórn hafa aukist á ný. johann@frettabladid.is

Vinnuafllsskortur kemur fram í ýmsum myndum:

Björgunarsveit í slátri

BJÖRGUNARSVEIT Björgunarsveitin Súkur á Akureyri var kölluð út í fyrradag í heldur óvanalega björgunaraðgerð, að verka svið hjá Norðlenska sem var í vanda með að manna vaktir.

Erfiðlega hefur gengið að manna sláturhús á þessu hausti. Mörg sláturhús hafa leitað eftir erlendu vinnuafli og dæmi eru um að fólk frá sautján þjóðlöndum starfi í einu og sama sláturhúsinu. Hjá Norðlenska voru um 70 erlendir farandverkamenn ráðnir til starfa en þegar álagið er sem mest dugur það ekki fyllilega til. Því sáu stjórnendur að leita þyrfti leiða til að létta á starfsfólki við þökkun.

Reynir Eiríksson, framleiðslustjóri Norðlenska, segir sérstaklega mikið að gera núna við að verka svið sem taki þó ekki ýkja langan tíma. Því var brugðið á

það ráð að spyrja björgunarsveitina á staðnum hvort hún vildi ekki afla tekna með því að aðstoða við verkunina. Björgunarsveitarfólk brást skjótt við og mættu sjö félagar úr sveitinni til starfa.

Björgunarsveitarmenn voru hæst ánægðir með þessa nýjung í starfi sínu. Sjálfir sögðust sjömenningarnir hafa unnið á við fimmtán manns og undir það tók Reynir, framkvæmdastjóri Norðlenska. Framhald verður á þessu samstarfi fyrirtækisins og björgunarsveitarinnar. Gert er ráð fyrir að björgunarsveitarfólkið mæti aftur til starfa um næstu helgi. Ekki hefur þó verið ákveðið hvort frekara framhald verði á starfinu. Það ræðst af því hversu langur tími liður áður en fyrirtækið getur mannað vaktir með hefðbundnum hætti. - kk

Ríkisstjóri Ontario:

Leyfir ekki sharíalög

KANADA, AP Ontarioríki í Kanada verður ekki fyrsta stjórnarsýslustigið á Vesturlöndum til að heimila að sharíalög sem byggja á Íslam verði notuð til að skera úr um fjölskyldumál.

Dalton McGuinty ríkisstjóri sagði í gær að hann myndi ekki leyfa sharíalög og beita sér fyrir banni gegn öllum trúarlegum reglugerðum. „Það verða engin sharíalög í Ontario. Það verða engir trúarbragðadómstólar. Það verða aðeins ein lög og þau gilda fyrir alla íbúa Ontario.“

Stjórnvöld í Ontario höfðu áður leyft dómstólum kaþólikka og gyðinga að dæma í fjölskyldumálum. Það vakti litla athygli fyrr en múslimar fóru fram á sama rétt. Því var ákveðið að banna alla trúarbragðadómstóla. ■

Rafiðnaðarmenn
rafhönnuðir
arkitektar

VÖRULISTI

Munið nýja stórglæsilega vörulistan okkar sem sýnir á yfir 500 síðum hið mikla úrval raflagnaefnis og lýsingarúnaðar sem við höfum á boðstólum.

Komið í heimsókn og fáid eintak.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • 105 Reykjavík
Sími 520 3000 • www.smithorland.is



Landsbankadeildin



Landsbankinn

Íslandsmeistarar 2005

410 4000 | landsbanki.is

Til hamingju FH!



Fimleikafélag
Hafnarfjarðar
Íslandsmeistarar 2005
í Landsbankadeild karla

Farðu inn á landsbanki.is og búðu til þitt **eigið kort**

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 09.09.2005

| | KAUP | SALA |
|---------------------|--------|--------|
| Bandaríkjadalur USD | 62,82 | 63,12 |
| Sterlingspund GBP | 115,29 | 115,85 |
| Evra EUR | 77,89 | 78,33 |
| Dönsk króna DKK | 10,447 | 10,509 |
| Norsk króna NOK | 9,993 | 10,051 |
| Svænsk króna SEK | 8,347 | 8,395 |
| Japanskt jen JPY | 0,5682 | 0,5716 |
| SDR | XDR | 92,67 |
| | | 93,23 |

Gengivísitala krónunnar
108,8949

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bókmenntahátíð í Reykjavík sett í sjöunda sinn: Tuttugu og einn erlendir rithöfundur meðal gesta

BÓKMENNTAHÁTÍÐ „Veðurguðirnir tóku vel á móti gestum Bókmenntahátíðar,“ segir Halldór Guðmundsson, formaður stjórnar Alþjóðlegru bókmenntahátíðarinnar.

Hátíðin var sett í sjöunda sinn í gær við hátíðlega athöfn í Norræna húsinu. Óhætt er að segja að sjaldan eða aldrei hafi jafn margir þekktir samtímarithöfundar verið gestir hátíðarinnar. Að sögn Halldórs vakti ræða kanadíska rithöfundins Margaret Atwood hvað mesta athygli á setningarathöfninni en henni varð tíðrætt um málfrælsi rithöfunda. Hún sagði meðal

annars að ferð sín til Þingvalla hefði veitt sér mikinn innblástur.

Dagskrá Alþjóðlegru bókmenntahátíðarinnar er glæsileg og af þekktum erlendum gestum hennar má nefna Paul Auster, Lars Saaby Christensen, Nick Hornby og James Meek svo aðeins fáir séu nefndir. Hægt er að kynna sér dagskrána á vef hátíðarinnar, bokmenntahatid.is, og rétt er að benda á að í sérstöku rithöfundaspjalli er hægt að spyrja gesti hátíðarinnar spjörum um verk þeirra og skoðanir.



HALLDÓR GUÐMUNDSSON OG MARGARET ATWOOD Margaret Atwood sagði að ferð sín á Þingvöll hefði veitt henni innblástur.



MANOUCHEHR MOTTAKI Segir að ályktanir frá Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna mundu engu breyta um áform Írana um að auðga úran.

Utánríkisráðherra Írans:

Hótanir skila engu

ÍRAN. AP Íranir eru staðráðnir í að hætta ekki við áform sín um að auðga úran og segir Manouchehr Mottaki, utánríkisráðherra landsins, að ályktanir frá Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna mundu engu breyta þar um.

Öryggisráðið gæti hugsanlega gripið til ráðstafana á borð við viðskiptabann ef Íranir láta ekki af áformunum. Íranir segjast sjálfir vera að auðga úran í þeim tilgangi einum að nýta það til orkuframleiðslu. Evrópusambandið og Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna óttast hinsvegar að tilgangurinn sé að framleiða kjarnavopn. ■

LÖGREGLUFRETTIR

SKARST Á HÖFÐI Í ÁREKSTRI

Maður skarst á höfði í árekstri tveggja bifreiða sem varð í Víkurskarði rétt fyrir klukkan sex í gær. Ókumaður sem ætlaði að fara fram úr fjárflutningabifreið sá ekki bifreið sem kom á móti. Hinn slasaði var fluttur með sjúkrabíl til aðhlynnningar.

SLÖKKVILIÐIÐ

ELDUR Í FJÖLBÝLI Slökkviliðið var kallað að fjölbýli við Flétturima í Grafarvogi rétt fyrir tíu í gærkvöldi. Kviknað hafði í út frá kerti og náðu íbúar að slökkva eldinn en kallaði slökkviliðið út til reyrkræstingar.

Rannsaka viðbrögð eftir neyðarkallið

Hjón sem slösuðust alvarlega í sjóslysinu við Skarfasker eru komin af gjör-gæslu og sonur þeirra hefur verið útskrifaður af sjúkrahúsi. Rannsókn slyssins er á frumstigi en farið verður yfir málsatvik og viðbrögð á næstu dögum.

SJÓSLYS Um hundrað og fimmtíu manns tóku þátt í leitinni að Friðriki Á. Hermannssyni sem saknað er eftir sjóslysið við Skarfasker aðfaranótt sunnudags. Hann hafði ekki fundist þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Hjón sem slösuðust alvarlega í sjóslysinu voru útskrifuð af gjör-gæslu í gær. Þau hlutu alvarlega áverka að sögn vakthafandi læknis og urðu að gangast undir aðgerð. Tíu ára sonur hjónanna hefur verið útskrifaður af spítala.

Að sögn Þorvalds Friðriks Hallssonar, hjá Svæðisstjórn björgunarsveita, voru fimmtán kafarar að störfum í og við Viðeyjarsund og var notast við svokölluð fjölgeislatæki sem kortleggja sjávarbotinn. Fjölmargin björgunar-

sveitarbátar kembdu Viðeyjarsundið. Félagið Snarfara, sem er félag sportbátæiganda, lagði Slysavarnarfélaginu lið og tóku félagsmenn á 25 bátum þátt í leitinni.

Vinir og ættingjar Friðriks tóku sig einnig saman og gengu fjörur ásamt björgunarsveitarmönnum frá því klukkan tvö en háfjara var um klukkan hálf þrjú. Að sögn Þorvalds voru tuttugu og átta göngu- hópar á ferð þegar mest var.

Hátt í hálf önnur klukkustund leið frá því neyðarkall barst og þar til þremur úr bátnum var bjargað auk þess sem bráðaútkall til þyrlu- áhafnar Landhelgisgæslunnar barst hálf tíma eftir að Neyðarlína fékk neyðarkallið. Að sögn Karls Steinars Valssonar, aðstoðaryfir- lögregluþjóns hefur ekki verið far-

id yfir þetta ferli ennþá en það verður gert á næstu dögum. Karl Steinar segir að enn sem komið er hafi öll áherslan verið lögð á leitina af Friðriki og því sé enn ekki búid að fara yfir þessa þætti. Viðmælandi Fréttablaðsins segir að samband hafi slitnað við drenginn sem hringdi í Neyðarlínu og því hafi ekki allar upplýsingar komist til skila. Þar af leiðandi hafi mönnum ekki verið ljós alvara málsins í upphafi.

Ingi Tryggvason, formaður Rannsóknarnefndar sjóslysa, hefur litið á bátninn en segir rannsókn slyssins á frumstigi. Hann segir að miðað við skemmdirnar á bátnum líti út fyrir að hann hafi verið á mikilli ferð.

jse@frettabladid.is



MENN Á BÁTUM VIÐ LEIT Fjöldi báta, hvort tveggja frá björgunarsveitum og félögum í Snarfara, leituðu á sjó nálægt slysstæði.



GERHARD SCHRÖDER Kanslarinn vonast til þess að stuðningur Blairs hjálpi til að hann verði endurkjörinn.

Þýsku þingkosningarnar: Blair styður Schröder

BERLÍN. AP Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, hefur lýst yfir stuðningi við Gerhard Schröder í baráttu hans við að ná endurkjöri sem kanslari. Blair sagði í yfirlýsingu í gær að Schröder væri „heiðarlegur og góður embættismaður“.

Koskið verður í Þýskalandi á sunnudaginn og leiðir bandalag hægri- og miðjuflokka í skoðana- könnunum, með Angelu Merkel og Kristilega demókrata í broddi fylkingar. Hins vegar gæti svo farið að eini möguleikinn að kosningunum loknum verði eins konar þjóðstjórn Kristilegra demókrata og Sósíaldemókrata. ■

EVROPA

LOFAR TVÖFÖLDUM LAUNUM

Ný ríkisstjórn tók við völdum í Albaníu í gær. Sali Berisha forsætisráðherra hefur lofað að tvöfalda laun og eftirlaun og að berjast af krafti gegn spillingu.

MID-AUSTURLÖND

TÓLF DÆMDIR

Tólf íslamskir vígamenn voru dæmdir til eins og háls til þriggja ára fangelsisvistar fyrir að skipuleggja hryðjuverkaárásir á sendiráð Ísraels og Bandarík- anna í Jórdaníu. Fjórir sakborningar voru sýknaðir af ákærum.

Tölvunám eldri borgara

30 kennslustunda byrjendanámskeið fyrir 60 ára og eldri. Engin undirstaða nauðsynleg, hæg yfirferð með þolinmóðum kennurum. Á námskeiðinu er markmiðið að þátttakendur verði færir að nota tölvuna til að skrifa texta, setja hann snyrtilega upp og prenta, fara á internetið, taka á móti og senda tölvupóst.

Kennsla hefst 14. september og lýkur 12. október. Kennst er mánudaga og miðvikudaga kl 13 - 16. Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalin.



TÖLVUSKÓLINN
PEKking

Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is




Sigurður P. Ragnarsson, veðurfræðingur.

VEÐURSPÁ

um hádegi >>

LEIFAR AF FELLI-BYL GANGA INNÁ LANDIÐ
Það er hún María. Talsveður kraftur í henni ennþá. Búast má við stormi í morgunsvári um sunnanvert landið og víða allhvasst eða hvasst í kvöld. Henni fylgir slagverðursrigning. Það verður skaplegt fyrir norðan framman af degi en síðan hvesst þar með vatnsveði.
HORFUR Á HÖFUÐBORG-ARSVÆÐINU:
Allhvöss austanátt og jafnvel hvasst nálægt hádegi. Fer þá að rigna og síðan skúraveður í kvöld. Hiti 8-12 stig.



| | | | | | |
|---------------|------------------|-----------|--------------------|-----------------|-----------------|
| Kaupmannahöfn | 20°C léttskýjað | París | 22°C alskýjað/skúr | Alicante | 31°C hálfskýjað |
| Osló | 14°C léttskýjað | Berlín | 25°C skýjað/skúr | Milano | 24°C alskýjað |
| Stokkhólmur | 16°C skýjað/skúr | Frankfurt | 26°C skýjað/skúr | New York | 23°C léttskýjað |
| Helsinki | 15°C skýjað/skúr | Madrid | 28°C skýjað | San Francisco | 20°C léttskýjað |
| London | 21°C skýjað | Barcelona | 29°C léttskýjað | Orlando/Florida | 33°C heiðskirt |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggt á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

VISA BIKARINN 2005

Til hamingju með VISA-bikarinn!

Breiðabliksstúlkur, sigurvegarar í VISA-bikarkeppni kvenna 2005



VISA styður íslenska boltann





KJÖRKASSINN

Vilt þú að einkarekin sjúkrahús taki til starfa?

Niðurstöður gærdagsins á [visir.is](#)

| | |
|-----|-----|
| Já | 27% |
| Nei | 73% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að afnema rétt fyrrum ráðherra og þingmanna til eftirlauna meðan þeir gegna öðru starfi?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](#) og segðu þína skoðun



Sigurður Líndal prófessor segir að einblína eigi á alvarlegustu brotin:

Halda í aðalatriði og láta annað gossa

DÓMSMÁL Sigurður Líndal prófessor segir að verði ákæruliðunum átján í Baugsmálinu vísað frá dómi geti ákærvaldið rannsakað þá aftur og höfðað nýtt mál á hendur forsvarsmönnum. Hann ræður saksóknara að einblína á aðalatriðin í málinu.

„Persónulega finnst mér almennt réttara og heppilegra að leggja áherslu á meginatriði sem þingstu refsingar liggja við og láta hitt eiga sig, því á Islandi er ekki bætt við refsingu heldur er miðað við þingsta refsirammann í dómsmálum,“ segir hann. „Telji ákærvaldið mikilvæg ákæratriði liggja

innan um liðina átján væri ráð að einblína á að bjarga þeim en láta aðra gossa.“

Sigurður telur Baugsmálið ekki fallið þó að dómendur telji að svo miklir annmarkar kunni að vera á átján ákæruliðum að úr þeim verði ekki bætt undir rekstri málsins og að dómur verði því ekki kveðinn upp um efni þeirra.

Þingad verður í Baugsmálinu á þriðjudag. Ákærvaldinu gefst þá kostur á að leggja fram bragarbót á ákæruliðunum átján. Dómendur deildu ekki á 22 ákæruliði í málinu.

- gag



SIGURÐUR LÍNDAL Sigurður segir athugasemdir dómsins í Baugsmálinu óheppilegar fyrir ákærvaldið og slæma byrjun á dómsmálinu.

Suðaustanvert Kína:

Nær milljón flýði fellibyl

KÍNA, AP Rúmlega átta hundruð þúsund Kínverjar höfðu verið fluttir á brott og meira en 35 þúsund bátum og skipum hafði verið snúið til hafnar þegar fellibylurinn Khanun skall á austurströnd Kína í gær. Ekki er vitað til þess að nokkurt mannfali hafi orðið en tjón varð mikið.

Khanun kemur í kjölfar fellibylsins Talim sem skall á Kína á svipuðum slóðum fyrr í mánuðinum. Þá létu í það minnsta 95 einstaklingar lífið. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

PISSADI Á GANGSTÉTT Maður í Grindavík hefur verið kærður fyrir að kasta af sér vatni á miðri gangstétt við fjölfarna götu í Grindavík. Er lögreglan gerði athugasemd við hann um háttarnið kvaðst maðurinn hafa drukkið nokkra bjóra og þyrfti að losa sig við þá. Háttarnið væri því ekki athugavert.

MEÐ FÍKNIEFNI Í KEFLAVÍK

Maður grunaður um fíkniefnamisferli var handtekinn á veitingahúsi í Keflavík á laugardagsnótt. Við leit lögreglu fannst á honum lítilræði af amfetamíni. Eftir skýrslutöku var maðurinn frjálts ferða sinna. Málið er í rannsókn.

Líkamsrásir:

Augnskaði og tennur brotnar

LÖGREGLA Tennur voru kýldar úr ungum manni sem stóð fyrir utan unglíngadansleik á Fáskrúðsfirði aðfaranótt sunnudags. Lögreglan varð vitni að árásinni sem virtist tilhæfulaus.

Dálítið var um slagsmál á dansleiknum sem þrjú hundruð ungmenni sóttu. Tveir voru slegnir illa. Í hinna árásinni blæddi inn á auga. Báðir voru fluttir á slysa-deild.

Lögreglan telur fórnarlömbin ætla að leggja fram kæru. Í hvorugri árásinni þekktust menn en í annarri höfðu þeir þrattað á öðru balli.

- gag



FÁSKRÚÐSFIJÖRÐUR Þrjú hundruð ungmenni voru á dansleik á staðnum í fyrirtíð þar sem tvær líkamsrásir urðu.



FORSETAHLÓN OG VARAFORSETAHLÓN Á LÓÐ HVÍTA HÚSSINS George Bush forseti og Dick Cheney varaforseti voru við minningarathöfn við Hvíta húsið þar sem viðstaddir sameinuðust í þögn til minningar um fórnarlömb hryðjuverkanna.

Sameinuðust í sorg

Hryðjuverkaárásanna í New York og Washington fyrir fjórum árum var minnst víða um heim í gær. Nöfn allra fórnarlamba árásanna voru lesin upp þar sem World Trade Center stóð áður.

11. SEPTEMBER Minningarathafnir voru haldnar víðsvegar um heim í gær til minningar um fórnarlömb hryðjuverkaárásanna 11. september 2001. Athafnirnar voru þó haldnar í skugga bæði hörmunganna við Mexíkóflóa og hryðjuverkanna í London 7. júlí.

George Bush forseti og Dick Cheney varaforseti voru við minningarathöfn við Hvíta húsið þar sem viðstaddir sameinuðust í þögn til minningar um fórnarlömb hryðjuverkanna og fellibylsins Katrínar. Í New York var minningarathöfn við Ground Zero, þar sem World Trade Center stóð áður. Ættingjar fórnar-



SJÍTAMÚSLIMAR BRENNA FÁNA Sjítamúslimar í Pakistan fóru í mótmælagöngu gegn meintrí heimsvaldastefnu Bandaríkjanna.

lamba hryðjuverkanna komu þar saman líkt og undanfarin ár.

Nöfn allra fórnarlamba árásanna voru við það tilefni lesin upp og flutti Michael Bloomberg, borgarstjóri New York-borgar, minningarræðu þar sem hann minntist einnig fórnarlamba Katrínar. Condoleezza Rice utanríkisráðherra og Rudolph Giuliani, sem var borgarstjóri haustið 2001, fluttu einnig minningarræður.

Sjítamúslimar í Pakistan minntust hryðjuverkanna á allt annan hátt. Þeir fóru í mótmælagöngu gegn meintrí heimsvaldastefnu Bandaríkjanna og brenndu bandaríska fána.

- óá

Viktor Júsjenkó segir ástæðurnar fyrir brottrekstri stjórnar sinnar einfaldar:

Tímósjenkó höll undir auðjöfra

ÚKRAÍNA, AP Viktor Júsjenkó, forseti Úkraínu, sagði í gær að ástæðan fyrir stjórnarkreppu og brottrekstri ríkisstjórnar Júlíu Tímósjenkó hafi verið að hún hefði verið höll undir ákveðna auðjöfra í þjóðnýtingarferli á málmverksmiðjum landsins.

„Helstu yfirmenn stýrðu atburðarás til hagsbóta fyrir ákveðin stórfyrirtæki,“ sagði Júsjenkó á blaðamannafundi í gær. „Þetta var síðasta hálmstráid. Ég var harðákvæðinn í að ákvörðunin yrði þessi: Allir skyldu hypja sig,“ sagði Júsjenkó spurður um ástæður fyrir brottrekstri ríkisstjórnar Tímósjenkó.

Júsjenkó segir að verkefni nýrrar ríkisstjórnar verði að uppræta spillingu í stjórnkerfinu og að uppfylla fjölmörg loford sem gefin voru um betri stjórnarhætti í „appelsínugulu byltingunni“ á sínum tíma.

Innanríkisráðuneyti og öryggis-lögregla landsins kanna nú meinta spillingu innan stjórnkerfisins og áætlað er að búið verði að skila skýrslu um málið innan tíu daga. - óá



VIKTOR JÚSJENKÓ Júsjenkó segir að verkefni nýrrar ríkisstjórnar verði að uppræta spillingu í stjórnkerfinu.

markvissar auglýsingar

...um hús og heimili á mánudögum í Fréttablaðinu.


Lesendur „Allts“ er fólk með áhuga á efni hverrar opnu og eru auglýsingarnar eðlilegur hluti lesefnisins og ein af ástæðum þess að þeir staldra við.

Það er með öðrum orðum, vel skilgreindur og áhugasamur hópur, sem skoðar t.d. þessa auglýsingu.

Grunnhugmyndin á bak við „Allt“ er að flokka auglýsingar og staðsetja í lesefni sem vekur áhuga þeirra sem auglýsandinn vill ná til. „Allt“ er löngu tímabær og áhugaverður valkostur á íslenskum auglýsingamarkaði.

Hafið samband við auglýsingadeild „Allts“

Síminn er 550-5000



Samskipan gleði og þjónustulundar

Fullkominn skipa- og tækjakostur Samskipa og áreiðanlegir samstarfsaðilar skila vörinni á áfangastað fljótt og vel. Við trúum því að það sé síðan starfsfólkið, starfsgleði þess og þjónustulund sem ráði úrslitum um ánægju viðskiptavinarins.

Samskip - Yfir lönd yfir höf.

SAMSKIP



VEISTU SVARIÐ?

- 1 Í hverju setur Rauði krossinn met nær daglega?
- 2 Hvaða titla hafa fótballið Breiðabliks unnið í ár?
- 3 Hversu oft hefur Alþjóðlega bókmennta-hátíðin í Reykjavík verið haldin?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Öll hótél full vegna Íslensku sjávarútvegssýningarinnar 2005:

Sennilega met slegið í gestafjölda

SJÁVARÚTVEGUR Aðstandendur Íslensku sjávarútvegssýningarinnar telja að ívið fleiri gestir hafi sótt hátíðina nú en árið 2002 sem var metár. Þá komu rúmlega 18.000 gestir á sýninguna. Mikið var af erlendum gestum og var hótélrymi á höfuðborgarsvæðinu meira og minna uppselt meðan á sýningunni stóð.

„Það má eiginlega segja að alls staðar hafi verið fullt nema á Nordica hóteli,“ segir Helga Lára Guðmundsdóttir, deildarstjóri á ráðstefnuskrifstofu Íslandsferða. „Við vorum með forbókuð um 700 herbergi.“ Hún segir þó mun fleiri hafa bókað herbergi í gegnum netið, en áður hafi Íslandsferðir haldið utan



SJÁVARÚTVEGSSÝNINGIN Aðstandendur telja að gestir hafi verið fleiri nú en áður.

um meira og minna allt gistirýmið. „Svona fljótt á lituð virðast ívið fleiri hafa komið á sýninguna, eða um 19.000 manns,“ segir Bjarni Þór Jónsson, fulltrúi Nexus á Íslandi

sem stóð að sýningunni. Hann segir að nákvæm tala ætti að liggja fyrir í vikunni, og þá um leið frá hvaða löndum gestirnir voru.

- grs

Íslendingar saknað: Rita hefur enn ekki fundist

HAMFARIR Rita Gaudin, íslenska konan sem saknað er í Bandaríkjunum og sonur hennar hafa enn ekki fundist frá því að fellibylurinn reið yfir New Orleans í Louisiana, Mississippi og nágrenni.

Rita er 67 ára og býr í Metairie í New Orleans og sonur hennar í nágrennabænum Slidell. Ræðismaður Íslendinga í borginni hugðist fara á heimili Ritu og vinnustað sonarins á föstudag. Pétur Ásgeirsson hjá utanríkisráðuneytinu segir að þar sem hann hafi ekkert heyrt frá ræðismanninum hafi heimsóknirnar væntanlega ekki borið árangur.

- gag

TILKYNNINGASKYLDAN

FÁIR Á SJÓ Ríflega 160 bátar voru á sjó í gær. Vaktmaður Tilkynningaskyldunnar segir stóra báta helst hafa verið á sjó. Sunnudagurinn hafi verið rólegur. Sjávarútvegssýningin og slæm spá seinni part dags hafi líklegast dregið úr sjósókninni.

LÖGREGLUFRÉTTIR

ELDUR Á SEYÐISFIRÐI Starfsmenn við Bræðsluna á Seyðisfirði klipptu í sundur rafmagnsstreng og við það blossaði upp eldur og var slökkviliðið kallað út. Eldurinn reyndist hins vegar lítill og olli litlum skemmdir. Málið er í rannsókn lögreglu.

STÚTAR UNDIR STÝRI Tveir voru teknir fyrir ölvun við akstur aðfaranótt sunnudags og einn á sunnudag. Allir voru ökumennirnir sendir í blóðprufu og eiga von á að missa bílprófið. Helgin var róleg hjá Lögreglunni á Selfossi.



ELDAR LOGA Í BELFAST Félagar í Óraniureglunni köstuðu eldsprengjum að lögreglu og kveiktu í bílum. Slökkviliðsmenn voru að fram eftir degi í gær við að slökkva eldana.

Mestu óeirðir í nær áratug

Sum hverfi í Belfast stóðu í ljósum logum þegar mótmælendur kveiktu í bílum og réðust gegn lögreglu. Tugir lögreglumanna fóru sárir á sjúkrahús.

BELFAST, AP Eldarnir í Belfast loguðu fram eftir degi í kjölfar mestu óeirða síðari ára sem brutust út í Belfast í fyrrinótt. Þúsundir baráttumanna úr röðum mótmælenda gengu ber-serksgang eftir að yfirvöld bönnuðu þeim að ganga um hverfi kaþólikka til að minnst sigrá mótmælenda á kaþólikkum fyrir á öldum.

Mótmælendurnir réðust á lögreglumenn og breska hermenn, kveiktu í bílum og unnu margvísleg önnur skemmdarverk. Mestar voru óeirðirnar í Belfast, höfuðstað Norður-Írlands, en þær breiddust út til sjö þorpa og kaupstaða þar sem mótmælendur eru í miklum meirihluta íbúanna.

Að sögn Hugh Orde, yfirmanns lögreglunnar, slösuðust 32 lögreglumenn í bardögum við óeirðaseggi aðfaranótt sunnudags og fram eftir degi. Hann

sagði að þeir sem fóru fremstir í flokki þeirra sem voru með ólæti hefðu verið drukkendir fullorðnir mótmælendur og táningspiltar. Orde sagði þó að tvenn samtök mótmælenda sem eru bönnuð vegna ofbeldisverka félagsmanna sinna hefðu skipulagt óeirðirnar, það eru samtök in Varnarlið Ulster og Sjálfboðaliðar Ulster. Meðal þess sem lögreglumenn fundu var aðstaða til sprengjurgerðar.

Frá árinu 1996 hafa mótmælendur á Norður-Írlandi ekki staðið fyrir jafn útbreiddum óeirðum og í fyrrinótt, en þá stóðu óeirðirnar yfir í fjórar nætur í röð.

Talsmenn Óraniureglunnar, samtaka mótmælenda, gagnrýndu lögreglu fyrir harkalegar aðgerðir þegar ganga mótmælenda hófst og sagði aðgerðir lögreglu hafa verið eins og þær gerðust verstar. ■




ÁTÖKIN HEFJAST Lögregla stöðvaði göngu Óraniureglunnar og þá fór allt í báli og brand.

ÞÚ GETUR VALIÐ ÚR YFIR 20 LEIKSÝNINGUM



UPPLIFUN!

Ekki missa af spennandi leikári hjá Borgarleikhúsinu í vetur.



BORGARLEIKHÚSIÐ

ÁSKRIFTARKORT FRÁBÆR KOSTUR

Áskriftarkort tryggir þér sæti á fimm sýningar. Ef þú kaupir kortið fyrir **20. september** færðu að auki gjafakort á leiksýningu að eigin vali. Kannaðu málið á www.borgarleikhus.is.

Meðalverð á miða verður þá einungis **1.640 kr. á sýningu.**



HÆGÐU Á ÞÉR BÖRN AÐ LEIK

Skilaboð sem varða líf og heilsu barnanna okkar tökum við öll alvarlega. Hámarkshraði í flestum íbúðahverfum er 30 km á klukkustund.



UMFERÐARSTOFA



STANDA VÖRD UM STYTITU

Suður-kóreskir óeirðalögglumenn stilltu sér upp við stytta af bandaríska hershöfðingjanum Douglas MacArthur sem stýrði hersveitum Sameinuðu þjóðanna gegn innrásarherjum Norður-Kóreu um miðja síðustu öld. Margir vilja láta rífa styttuna.

Yfirburða sigur Junichiros Koizumi forsætisráðherra:

Stærsti sigur frá upphafi

JAPAN, AP Flokkur Junichiros Koizumi, forsætisráðherra Japans, vann tímamótasigur samkvæmt fyrstu tölum í þingkosningum sem haldnar voru í gær.

Samkvæmt þeim tölum sem þá höfðu komið fram hafði flokkur forsætisráðherrans hlotið allt að 309 af 512 þingsætum, sem er stærsti meirihluti flokks í japanska þinginu frá upphafi. Flokkur hans, Frjálslyndir demókratar, er talinn hafa slegið í gegn með loforðum um að einkavæða pósthjónustu landsins, sem veltir fúlgum fjár á ári hverju.

„Ég hafði vonast til þess að flokkurinn næði einn meirihluta



en við gerðum raunar mun betur en það,“ sagði Koizumi í sjónvarpsviðtali í gærkvöldi, sigri hrósandi og skælbrosandi. Hann þakkaði þjóð sinni fyrir stuðning og skilning í kosningunum.

Póstfyrirtækið sem til stendur að einkavæða selur einnig tryggingar og spariskírteini og gerir eiginfjárstaða fyrirtækisins það að einu stærsta fjármálfyrirtæki veraldar enda þrjár trilljónir Bandaríkjadala í sjóðum þess. - oá

KOIZUMI HRÓSAR SIGRI

Flokkur hans, Frjálslyndir demókratar, er talinn hafa slegið í gegn með loforðum um að einkavæða pósthjónustu landsins, sem veltir fúlgum fjár á ári hverju.

Ölvaður ökumaður:

Tekinn með þýfi í bílnum

BORGARNES Sautján ára sjáanlega ölvaður ökumaður var handtekinn í Borgarnesi í gærmorgun eftir smávægilegt umferðaróhapp. Hann keyrði á umferðarskilti.

Héraðslögglumaður á leið í vinnu kom í veg fyrir að ungi maðurinn stynji af. Í bílnum voru ýmsir stolnir hlutir, þar á meðal tveir bunkar af Fréttablaðinu, umferðarskilti og keilur.

Maðurinn var tekinn í skýrslutöku og blóðsýni tekið. Lögregluna grunar að fleiri hafi verið í bílnum en ökumaðurinn vildi ekki gefa upp hvort svo hafi verið eða hverjir það voru. - gag

Hrapaði í Laxá:

Skarst á höfði á botni árinna

SLYS Maður fékk höfuðáverka í gærðag er hann hrapaði í Laxá í Laxárdal.

Jóhannes Björgvinsson, varðstjóri í Búðardal, fór á slysstað auk læknis og sjúkrabíls. Hann segir manninum hafa orðið fótasturtur ofarlega í brekku: „Hann rennur tuttugu til þrjátíu metra niður mjög bratta grasbrekku. Síðan fellur hann frjálst niður í ána, þrjá metra og þar niður í stórgrýti á botni árinna.“

Maðurinn var mikið skorinn á höfði. Hann hafði ásamt öðrum gengið töluvert upp með ánni og voru þeir utan símasambands er slysið varð. Þeir gengu til baka og kölluðu á aðstoð. Maðurinn var fluttur til Reykjavíkur með sjúkrabíl. - gag

Bardögum linnir í Tal Afar eftir herför gegn sveitum uppreisnarmanna:

Á annað hundrað vígamenn felldir

ÍRAK, AP Bardögum lauk í gær í aðgerðum hersveita Bandaríkjanna og Íraksstjórnar í borginni Tal Afar við landamæri Sýrlands. Borgin hefur frá innrás bandamanna verið eitt höfuðvígja uppreisnarmanna. Yfirmenn hersveita Bandaríkjanna og Íraks gáfu það út að sókninni skyldi haldið áfram og árangrinum fylgt eftir.

Fjölmarginir uppreisnarmenn sluppu þó frá hersveitunum í gegnum jarðgöng yfir landamærin til Sýrlands. 850 hermenn leit-uðu í hverju húsi í borginni að uppreisnarmönnum og áður en bardögum lauk höfðu 156 uppreisnarmenn verið skotnir til bana og 246 að auki verið handteknir. Hersveitirnar fundu, samkvæmt þeim fréttum sem borist hafa frá borginni, sprengiefna-

verksmiðju, 18 vopnabyrgi og 100 kílómetra löng jarðgöng undir landamærin.

Bandaríkjamenn segja Sýrlendinga aðstoða uppreisnarmenn í aðgerðum sínum gegn ráðandi öflum í Írak, meðal annars með því að smygla vopnum yfir landamærin og skjóta skjólshúsi yfir uppreisnarmenn á flótta undan réttvísinni. - oá

ÍRASKIR HERMENN FAGNA

Bandaríkjamenn segja Sýrlendinga aðstoða uppreisnarmenn í aðgerðum sínum gegn ráðandi öflum í Írak, meðal annars með því að smygla vopnum yfir landamærin og skjóta skjólshúsi yfir uppreisnarmenn á flótta undan réttvísinni.



Yfirburðabíll.

VIÐURKENNT SÖLU-
OG ÞJÓNUSTUUMBOD
MERCEDES-BENZ

SÝNINGARSALUR
VERKSTÆÐI · VARAHLUTIR
HRAÐÞJÓNUSTA



FRÍÐARGANGA

Nokkur þúsund ítalskir fríðarsinnar gengu 25 kílómetra leið frá Perugia til Assisi í gær. Fríðargangan er árlegur viðburður og í ár var ákveðið að halda hana þegar fjögur ár væru liðin frá hryðjuverkaárásunum í Washington og New York.

Rokveiði í laxinum og útlit fyrir metsumar:

Reykhús hafa ekki undan

LAXVEIÐI „Laxveiði hefur almennt verið mjög góð í sumar yfir landið í heild,“ segir Páll Þór Ármann, framkvæmdastjóri Stangaveiðifélags Reykjavíkur.

Páll Þór tekur sem dæmi að fyrra metið í Norðurá í Borgarfirði hafi verið einhvers staðar á milli 2.200 og 2.300 veiddir laxar en þetta sumarið hafi komið 3.142 laxar upp úr ánni og því sé um umtalsverða aukningu að ræða. Í bæði Þverá og Kjarrá hafa veiðst yfir fjögur þúsund laxar þetta sumarið. Páll Þór segir sumarið hafa farið heldur hægt af stað í þeim ám sem opnuðu fyrst en veiðin hafi hafist af fullum krafti í lok júní og mikið af fiski hafi al-

mennt verið í ánum.

Sigurbjörn Guðmundsson hjá fiskiðjunni Reykási segir að erfitt sé að sinna öllum þeim sem koma með fisk í reyk og að stundum hafi beinlínis þurft að vísa fólki frá. Sérstaklega séu vikurnar undir lok sumars erfiðar því sumararfólkið er byrjað aftur í skóla en veiðitímabilinu er enn ekki lokið.

Páll Þór Ármann segir að sums staðar megi veiða fram undir næstu mánaðamót.

VIÐ VEIÐAR

Í Þverá og Kjarrá hafa veiðst yfir fjögur þúsund laxar.



LÖGREGLUFRÉTTIR

FANGAGEYMSLUR FULLAR Töluverð ölvun var í miðborg Reykjavíkur á laugardagsnótt. Lögreglan þurfti að hafa afskipti af ölvuðu fólki og voru fangageymslur fylltar af fólki sem þurfti að taka úr umferð. Lögreglan segir þó ekkert hafa verið um alvarlegar líkamsárásir heldur aðeins stypingar manna á milli.

RÓLEGT Í NÁGRENNI REYKJAVÍKUR

Þrjú ökumenn voru teknir ölváðir um helgina í Hafnarfirði. Einn var ölváður undir stýri í Kópavogi og annar undir áhrifum lyfja. Lögreglan í nágrennbæjunum er sammála um að liðin helgi hafa verið með þeim rólegustu.

EYJAÁLFA

TVÍSÝN KOSNINGABARÁTTA Tví-sýnustu kosningar Nýja-Sjálands um langt skeið fara að líkindum fram næsta laugardag. Munurinn á fylgi tveggja stærstu flokkanna, Þjóðarflokksins og Verkamannaflokksins, sem skiptast á um forystu í nýjustu skoðanakönnunum er innan skekkjumarka.

Þrjár fjölskyldur einstæðra mæðra frá Kólumbíu komu um helgina:

Tókum við fimmtán flóttamönnum

FLÓTTAMENN Þrjár kólumbískar fjölskyldur komu hingað til lands á föstudagskvöld á vegum Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna. Þetta eru fimmtán einstaklingar, af þeim eru níu börn og unglingar. Í öllum tilvikum er um fjölskyldur einstæðra mæðra að ræða.

Þessar fjölskyldur komu allar frá Kosta Ríka, en þangað höfðu þær flúið frá Kólumbíu. Það var hins vegar ekki talið að þær byggju við öryggi þar fremur en í föðurlandinu og því fór Flóttamannahjálpin þess á leit að þær fengju hæli hér.

„Það er búið að finna hús fyrir þau öll, þannig að þau eru öll komin með heimili,“ segir Karen H. Theodórsdóttir, verkefnastjóri Reykjavíkurdeildar Rauða krossins. „Við erum búin að finna fjórar til fimm íslenskar stuðningsfjölskyldur fyrir



KAREN H. THEODÓRSDÓTTIR Verkefnastjóri Reykjavíkurdeildar Rauða krossins.

hverja fjölskyldu og meirihluti stuðningsfjölskyldnanna er spænskumælandi. Börnin munu svo byrja í Austurbæjarskóla í vikunni, en hinir fara í fullorð-

insfræðslu.“

Aðrar þrjár kólumbískar fjölskyldur munu koma til landsins síðar í mánuðinum.

- grs

Fyrstu fjölflokkakosningarnar:

Baráttan í algleymi

SÓMALÍLAND, AP Kosningabaráttan er hafin í aðdraganda fyrstu fjölflokkakosninganna í Sómalílandi, héraðs sem klauf sig frá Sómalíu og vonast nú eftir viðurkenningu alþjóðasamfélagsins. 246 frambjóðendur eru í boði, þar af fimm konur, en 82 sæti eru á þinginu.

Stjórnarliðar jafnt sem stjórnarandstæðingar hafa heitið því að virða niðurstöður kosninganna sem fram fara undir lok mánaðarins. Þær eru túlkaðar sem smíðshögg á lýðræðis- og stjórnmalavæðingu hins unga ríkis.

Meirihluti íbúanna samþykkti að lýsa yfir sjálfstæði í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1999 og Dehir Riyale Kahin var kosinn forseti árið 2003. ■



Mercedes-Benz er yfirburðabíll. Í honum fara saman klassísk hönnun, gæði, þægindi og ending sem gera hann einstakan. Nýr C-Class er kraftmikill, lipur og sameinar kosti fjölskyldu- og sportbíls. Komdu við í ÖSKJU og kynntu þér nýjan C-Class.



Mercedes-Benz



FORDÆMUM HATUR Benedikt XVI páfi minntist hryðjuverkaáranna 11. september í messu sinni í gær. Hann hvatti þjóðir heims til að sameinast í fordæmingu á hatri og hét á fólk að byggja upp heim réttlætis og friðar.



LESISJÓ UM SADDAM Kúveitar vilja að Saddam Hussein verði tekinn af lífi.

Kúveisk stjórnvöld:

Saddam verði tekinn af lífi

KÚVEIT, AP Ríkisstjórn Kúveit krefst þess að Saddam Hussein, fyrrum forseti Íraks, og samverkamenn hans verði teknir af lífi fyrir glæpi sem Írakar frömdu í Kúveit frá því þeir lögðu landið undir sig árið 1990 þar til fjölbjóðaher frelsaði landið snemma árs 1991.

„Krafan um dauðarefsingu byggir á þeim mörgu glæpum sem fyrrverandi stjórnvöld í Írak bera ábyrgð á,“ sagði Ahmed Baqer, dómsmálaráðgjafi í Kúveit. Kúveitar hafa sent íröskum stjórnvöldum tvö skjöl með ákærum sem þeir vilja að Saddam og 302 Írakar verði látnir svara til saka fyrir. ■

Björn Bjarnason:

Er ekki á útleið

STJÓRN MÁL „Fyrir þingkosningarnar 2007 mun ég taka ákvörðun um, hvort ég býð mig fram að nýju, eða sný mér að öðru. Allar vangaveltur um, að ég ætli ekki að sitja út þetta kjörtímabil eru úr lausu lofti gripnar,“ segir Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðgjafi, í pistli á heimasíðu sinni.

Í pistli sínum vitnar Björn til orða Davíðs Oddssonar, þegar hann tilkynnti brotthvarf sitt úr stjórn mála, um að Sjálfstæðisflokkurinn væri ein sterk heild á landsvísu. Björn tekur undir mikilvægi þessa og segir það hafa sannast á óföllum Sjálfstæðisflokksins í síðustu borgarstjórnarkosningum hversu illa klofningur getur leikið flokka. ■

ASÍA

VILJA ARROYO FRÁ VÖLDUM

Nær tveir af hverjum þremur Filippseyingum vonast til að Gloria Macapagal Arroyo forseti segi af sér vegna ásakana um að hún hafi látið hagræða úrslitum í forsetakosningum í fyrra. Þetta kemur fram í skoðanakönnun þar sem 79 prósent vilja að þingið leggi fram vantrauststillögu á hana.

HERMENN DEILDU Skothríð á bíl afganska varnarmálaráðherra á laugardag var ekki frá mönnum sem vildu hann feigan heldur úr byssum hermanna sem deildu við annan flokk hermanna. Í fyrstu var talið að um morðtilræði væri að ræða en athugun leiddi sannleikann í ljós. Nú hermenn hafa verið handteknir.

Indverskir læknar skoða hvort aðskilja megi samvaxna tvíbura:

Arabískur prins kemur systur til hjálpar

INDLAND, AP Indverskir læknar rannsaka nú möguleikana á að skilja tvíburasysturnar Saba og Farah að, en þær fæddust með samvaxin höfuð fyrir tíu árum. Foreldrar stúlkanna eru fátækir og hafa ekki efni á aðgerðinni en eftir að faðir þeirra sagði í blaðaviðtali að hann vonaðist eftir kraftaverki ákvað krónprinsinn í Abu Dhabi að borga fyrir aðgerðina ef hún væri framkvæmanleg.

Saba og Farah hafa aldrei lifað eðlilegu lífi. Þær hafa sjaldan farið út fyrir dyr heimilisins af ótta við viðbrögð umheimsins. Eitt af því fáa sem þær hafa haft ánægju af er að fylgjast með dáðum kvikmyndastjórnunni Salman Khan.

Þetta gæti allt breyst ef læknar komast að þeirri niðurstöðu að óhætt sé að skilja stúlkurnar að. Þær deila nýra, sama æðin beinir blóði til hjarta þeirra og æðar sem liggja til heila hvorrar fyrir sig eru að nokkru leyti sameiginlegar og því er óvíst hvort hægt sé að framkvæma aðgerðina.

Sheik Mohammed bin Zayed Al Nahyan, krónprins í Abu Dhabi, komst við þegar hann heyrði af raunum systranna og bauðst til að borga kostnaðinn við aðgerðina. ■

SYSTURNAR MEÐ LÆKNUM SÍNUM OG FÖÐUR Saba og Farah sjást hér ásamt Shakil Ahmad föður sínum (annar frá hægri) og starfsmönnum sjúkrahússins Indraprastha Apollo.



Getum hugað að nýjum tækifærum og fjárfestingum

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins fær einn milljarð króna af andvirði Símans þegar á þessu ári til fjárfestinga í sprotafyrirtækjum. Framkvæmdastjóri sjóðsins segir þetta tækifæri til að huga að nýjum fjárfestingum.

NÝSKÖPUN Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, fagnar skilningi stjórnvalda á hlutverki nýsköpunar fyrir atvinnulíf þjóðarinnar, en næstu fjögur árin renna 2,5 milljarðar króna til sjóðsins af söluandvirði Símans.

Sjóðurinn tók til starfa í byrjun ársins 1998. Hann hefur fjárfest í um eitt hundrað fyrirtækjum á undanförunum árum. Þar af á sjóðurinn stóran hlut í um tuttugu fyrirtækjum og tekur virkan þátt í stjórnun þeirra.

Nýsköpunarsjóður fær einn milljarð króna þegar á þessu ári sem ráðstafa á til sprotafyrirtækja í samræmi við hlutverk sjóðsins. Fram til ársins 2009 fær hann 1,5 milljarða króna til viðbótar sem varið verður til



GUNNAR ÖRN GUNNARSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI „Milljarðurinn sem sjóðurinn fær strax gerir okkur kleift að fara að huga að nýjum tækifærum og fjárfestingum.“



LATIBÆR Meðal fyrirtækja sem Nýsköpunarsjóður hefur lagt áhættufé í er Latibær.

stofnunar sameignarsjóðs, en það gerir Nýsköpunarsjóði mögulegt að fjárfesta í sprotafyrirtækjum ásamt fjárfestum á einkamarkaði.

„Þetta eru mikil tíðindi fyrir nýsköpun í landinu. Vandinn er sá að það skortir fé, bæði einkafjármagn og fjármagn frá Nýsköpunarsjóði. Milljarðurinn sem sjóðurinn fær strax gerir okkur kleift að fara að huga að nýjum tækifærum og fjárfestingum. Með einum og hálfum

milljarði til viðbótar getum við skoðað tækifæri með fjárfestum á einkamarkaði og beinum þá sjónum að fyrirtækjum sem eru lengra á veg komin.“

Að sögn Gunnars líða tíu ár frá því að sjóðurinn leggur fé í sprotafyrirtæki þar til hann losar sig út með hæfilegum hagnaði. „Sem stendur er sjóðurinn með fé bundið í fjölda fyrirtækja sem eiga enn nokkuð í land þar til unnt verður að selja hlutina í þeim með nauðsynleg-

um hagnaði. Staðreyndin er sú að það hefur verið fjármagnsflótti í áhættufjárfestingum sem taka langan tíma að skila arði. Þetta á einkum við um starfsemi sem skammt er á veg komin. Þetta tekur langan tíma og allir eru að flýta sér. Um er að ræða eins konar áhættufælni en auk þess horfa menn til þess hve langan tíma það tekur að breyta göðum hugmyndum í arðbær fyrirtæki,“ segir Gunnar Örn. johannah@frettabladid.is

Hershöfðingi Bandaríkjahers um brottflutning fólks frá New Orleans:

Ætlar ekki að beita íbúa borgarinnar valdi

WASHINGTON, AP Russel L. Honore hershöfðingi sem stjórnar aðgerðum Bandaríkjahers við rýmingu New Orleans segir að hermenn hans muni ekki beita valdi til að fá íbúa borgarinnar í burtu.

Honore hershöfðingi sagði í gær að hlutverk hersveita hans væri að færa bágstöddum mat og vatn og útvega sem flestum húsaskjól. Það væri í verkahring annara, svo sem borgaryfirvalda og stjórnar ríkisins að rýma borgina. „Alríkishermenn munu ekki taka þátt í beinum brottflutningi íbúa á nokkurn hátt,“ sagði Honore í samtali við fréttamann CNN.

Þúsundir íbúa borgarinnar neita að fara að skipunum um að fara úr borginni. Ray Nagin, borgarstjóri New Orleans, hefur gefið leyfi sitt fyrir því að þeir

íbúar sem neita að fara sjálfviljugir verði reknir á brott með valdi.

Helsta verkefni björgunarsveita er nú, fyrir utan að rýma borgina, að leita uppi lík þeirra sem fórust þegar fellibylurinn Katrín sökkta borginni í sæ. Bláðaljósmyndurum hefur verið bannað að fylgjast með þeim aðgerðum og hefur það valdið nokkurri reiði meðal fjölmiðlamanna sem telja að með því reyni menn að slá á gagnrýni á viðbrögð við fellibylinum. - óá

HERMAÐUR AÐ STÖRFUM Í NEW ORLEANS Helsta verkefni björgunaraðila er nú, fyrir utan að rýma borgina, að leita uppi lík þeirra sem fórust þegar fellibylurinn Katrín sökkta borginni í sæ.





KRÖFUGANGA Fjöldi sjía-múslima fór í kröfugöngu í Karachi í Pakistan í gær og fordæmði Ísraela og Bandaríkjamenn sem þeir sökuðu um hryðjuverk á heimsvisu.

Fyrirhuguð hækkun hámarkshraða vekur íbúum ugg: Slysagildra sett við húsið

UMFERÐ „Það er verið að setja upp hérna hreina slysagildru við húsið hjá mér og ég sem er með þrjú börn verð svolítið óvær yfir þessu,“ segir Smári Örn Arnason, íbúi við Grundargötu á Grundarfirði. Þar er verið að þrengja götuna en jafnframt á að hækka hámarkshraðann úr 35 kílómetrum í 50 kílómetra á klukkustund.

Smári Örn varð sjálfur fyrir bíl fyrir nokkrum árum á Grundargötunni og er hann öryrki eftir það slys. „Ég veit því hvað ég er að tala um, en ef börnin lenda í einhverju slíku verður ekki aftur snúið,“ segir Smári Örn.

Björg Ágústsdóttir, bæjar-

stjóri í Grundarfirði, segir að verið sé að hanna Grundargötuuna upp á nýtt með öryggissjónarmið að leiðarljósi. „Gatan er 12 metra breið að meðaltali og við teljum að með því að þrengja götuna í sjö metra séum við að stuðla að því að ná hraðanum niður. Einnig hafa menn freistast til að leggja bílum meðfram götunni allri þar sem hún er svo breið og þannig byrgt ökuönnunum sýn. Einnig teljum við að með því að færa hámarkshraðann í raunhæft horf getum við náð honum frekar niður en mælingar sýna að ökumenn voru ekki að virða 35 kílómetra hámarkshraðann,“ segir Björg.



VIÐ GRUNDARGÖTU Smári Örn með fjölskylduna við Grundargötu. Nikulás er við hlið föður síns og svo er Jóhanna með Súsonnu systur sína í fanginu. Fremstur er heimilishundurinn Polli.



FYLGST MEÐ FÓLKINU Fjöldi ólöglegra innflytjenda var vistaður í Gela á Sikiley meðan beðið var ákvörðunar um hvert þeir yrðu sendir.

Ólöglegir innflytjendur:

Tólf drukknudu

ÍTALÍA, AP Í það minnsta tólf líf rak upp á suðurströnd Sikileyjar í gærmorgun eftir að skip með ólöglegum innflytjendum lenti í sjávarhásku undan ströndum eyjunnar. Talið er að fólkið sé allt frá Eritreu. Nokkrir unglingar voru í hópi þeirra sem létust. Í það minnsta hundrað manns var bjargað úr skipinu og margir þeirra fluttir á sjúkrahús.

Ár hvert reyna þúsundir Norður-Afríkubúa að komast til Ítalíu með ólöglegum hætti. Stærstur hluti þeirra reynir að komast áfram til annara landa, eins og Frakklands, Bretlands eða Þýskalands. ■

Fíkniefnasali:

Hengdur í klefa sínum

BRASILÍA, AP Einn alræmdasti fíkniefnasali Brasilíu fannst látinn í fangaklefa sínum í rammgirtu fangelsi í Ríó de Janeiró. Marquinhos Niteroi hafði verið barinn illilega og síðan hengdur. Ljóst þótti að ekki var um sjálfsmorð að ræða en ekki var vitað í fyrstu hver myrta hann. Niteroi deildi klefa með sjö öðrum fögum sem tilheyrðu sama fíkniefnagengi og hann.

Niteroi var helsti samverkamaður Fernandinhos Beira-Mar, sem var talinn valdamesti fíkniefnasali Brasilíu þar til hann var handtekinn fyrir fjórum árum. ■

LÖGREGLUFRETTIR

FIMMTÁN ÓKU OF HRATT Í gær voru á fjórum klukkustundum fimmtán ökumenn teknir á of miklum hraða í Austur-Húnavatnssýslu. Sá sem hraðast ók ók á 115 kílómetra hraða. Tólf voru teknir fyrir hraðakstur í umdæmi lögreglunnar í Ólafsvík á laugardag. Lögreglan var með virkt eftirlit á þjóðvegum um allt land um helgina.

FÍKNIEFNI Í HAFNARFIRÐI Eiturlyf voru tekin af fjórum ökuönnunum í Hafnarfirði aðfaranótt laugardags. Í framhaldi voru þeir yfirheyrðir og efna leitað á heimilum þeirra. Alls náðust 50 til 60 grömm af efnum, þar af 40 til 50 E-töflur og eitthvað af hvítu efni sem eftir er að rannsaka. Lögreglan í Hafnarfirði segir einn ökuömannanna hafa átt megnið af fíkniefnunum.



RÝMINGA DAGAR*

20-70% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

10% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÖÐRUM VÖRUM



* Rýmingadagar eru eingöngu í Reykjavík

Opið virka daga 10-18 og laugardaga 11-15

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500

Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504

Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

„ORÐRÉTT“

Hallelúja

„Það er enginn stjórnmála-
maður svo merkilegur að
Sjálfstæðisflokkurinn sé ekki
merkilegri.“

ÁRNI MATHIESEN SJÁVARÚTVEGS-
RÁÐHERRA Í MORGUNBLAÐINU UM
ÁKVÖRÐUN SÍNA AÐ BJÓÐA SIG
EKKI FRAM TIL VARAFORMANNS.

Klikka alltaf á þessu

„Ég held að það sé númer
eitt, tvö og þrjú að fá nóg af
súrefni og vatni, enda lífum
við ekki án þess.“

RAGNHEIÐUR GUDFINNA GUDNA-
DÓTTIR GEFUR HOLLRÁÐ UM HEILS-
UNA Í DV.

nær og fjær
tilveran

ÁSTKÆRA YLHÝRA

Verslunar- kaup

Verslunarmiðstöðvar eru mið-
stöðvar verslunar. Verslanamið-
stöðvar er hins vegar afskræming
sem gæti átt við um kyndingu í
verslunum. Þar eru verslanir, sum-
ar hverjar hlekkir í verslanakeðj-
um, sem eru keðjur verslana.
Verslunarkerja er önnur ambaga,
sem lyktar af innherjavíðskiptum. Í
fyrrgreindum verslunum er versla-
að. Að versla sér eitthvað er hins
vegar ómögulegt. Rétt er að tala
um að kaupa sér eitthvað, kaupa í
matinn og svo framvegis, en rangt
að skipta sögninni að kaupa (eða
selja) út fyrir að versla. Þá væri
eins hægt að tala um kaupunar-
fólk í kaupunarmiðstöðvum, nem-
endur í Kaupunarskólanum yrðu
þá Kauplingar og gefið væri út hið
útópíska viðskiptatímarit Frjálst
kaup.

magnus@frettabladid.is



Óprúttir veitingamenn:

Asnar fyrir tígrisdýr

Mörgum matgæðingnum í Kína
hefur sjálfsagt liðið eins og asna
eftir að upp komst á dögnum að
veitingastaður í norðausturluta
landsins sem aug-
lýsti fokdýrt
tígrisdýrakjöt til
sölu var í rauninni
að framreiða asna-
kjöt sem hafði
verið marínerað í
tígrisdýrahlandi.



Ólöglegt er að
borða kjöt af
tígrisdýrum í Kína en eigandi
veitingastaðarins auglýsti engu
að síður djúpsteykt tígrisdýrakjöt
til sölu og sagðist hafa keypt það
af gæslumönnum á verndarsvæði
fyrir tígrisdýr. Hann breytti hins
vegar framburði sínum þegar lög-
reglan komst í spilið og játaði að
hér væri eingöngu um asnakjöt að
ræða. Ekki fylgdi
sögnum hvernig
hann komst yfir
hlandið.



Allur ágóði
veitingastaðarins
var gerður upp-
tækur auk þess
sem eigandinn
þarf að reida
fram tæplega 200 þúsund krónur í
sekt. Ekki er ljóst fyrir hvað mað-
urinn er sektaður því það er ekki
ólöglegt að selja asnakjöt í Kína
og er það meira að segja vinsæll
réttur víða. ■

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? HRANNAR PÉTURSSON UPPLÝSINGAFULLTRÚI

Lífið kemst í fastar skorður

„Það er allt ágætt að fréttá,“ segir
Hrannar Pétursson, upplýsinga-
fulltrúi Alcan á Íslandi, nýkominn
úr skemmtilegri athöfn þegar
blaðamaður slær á þráðinn. „Ég
var að stjórna lítilli seremóníu. Við
erum með styrktarsjóð hér í vinn-
unni og vorum að úthluta ellefu
milljónum til um 50 aðila. Það er
mjög gaman að fá að taka þátt í
svoleiðis.“
Hrannar lofaði sjálfum sér að taka
því rólega um helgina, enda búin
að vera strembin törn í vinnunni
að undanförunu. Hann brá meira
að segja út af vananum og fór í
gönguferð úti í náttúrunni. „Ég er
alltof lítill útivistarmaður, en það
var smá samkoma á vegum vinn-

unnar í Straumsvík á laugardaginn
og ég leit við þar. Þar er auðvitað
gullfallegt um að litast.“
Hrannar fagnar því að það er
komið haust þótt hann eigi ekki
von á róttækum breytingum. „Líf-
ið kemst í fastar skorður ef svo
má segja. Fólk kemur úr sumarfrí-
um, skólarnir byrja og svo fram-
vegis. Ég er mjög hrifinn af
haustinu.“ Hann hélt sig við land-
steinana í sumar, býst alveg eins
við að halda utan á næstunni.
„Það fylgja alltaf einhver ferðalög
vinnunni, ekki of mikil sem betur
fer. Svo sé ég til hvort ég leyfi
mér að taka smá frí til að fara út.
Ég ákveð slíkt yfirleitt ekki með
lögum fyrirvara.“



SELJUKLAUSTUR Hér er horft frá hellismunnanum yfir klaustrið sem benediktínar reistu á miðöldum.

Á slóðum benediktína í Selju

Mikil helgi er yfir
Seljuklaustri í Norður-
firði í Vestur-Noregi.
Klaustrið er talið elsti
helgistaður Noregs og
þar mun heilög Sunn-
eva, verndari vestur-
strandarinnar, hafa bor-
ið beinin.

Klaustrið stendur á eyjunni Selju
í samnefndu sveitafélagi sem
hefur um 3000 íbúa. Sagan segir
að á tíundu öld hafi írski
prinsessan Sunneva flúið til eyj-
unnar. Fáir kunna þjóðsöguna af
Sunnevu betur en Inger Marie
Orsheim, en hún lóðsar fróðleiks-
fúsa ferðamenn um eyjuna.
„Sunneva flúði til Noregs undan
heiðnum víkingahöfðingja sem
vildi kvænast henni. Hún faldi
sig í helli hér á eyjunni ásamt
föruneyti sínu, en heimamenn
grunuðu flóttamennina um grip-

deildir og kölluðu eftir liðsinni
Hákons jarls til að yfirbuga þá.
Sunneva og fylgismenn hennar
báðu til guðs um að forða þeim
frá heiðingjunum og féll þá bjarg
mikið úr fjallinu og lokaði hellis-
munnanum.“ Öll létu þau lífið, en
á næstu árum bárust fregnir um
kraftaverk frá eyjunni.

Ólafur helgi Tryggvason kon-
ungur, lét síðar opna hellinn og
mun hafa fundið lík Sunnevu
heilt. Hún var seinna tekin í dýrl-
ingatölu og er verndari vestur-
strandar Noregs og Björgvinjar,
sem varð biskupsdæmi árið 1170.

Ólafur helgi reisti kirkju neð-
an við hellinn í lok tíundu aldar
og rústir hennar sjást enn. Árið
1068 var Noregi skipt í þrjú bisk-
upsdæmi, Selju, Niðarós og Ósló
og samkvæmt heimildum mun
fyrsti biskupinn í Selju, Bern-
harður frá Saxlandi, hafa komið
frá Skálholti. Um 1100 reistu
enskir benediktínar klaustrið.
Upp úr 1300 varð klaustrið mikil-
vægasti kirkjustaður Noregs.
Ferðalangar á leið til Staðarness
áðu þar iðulega auk þess sem það



INGER MARIE ORSHEIM Þekkir eyjuna
eins og handarbakið á sér og fræðir ferða-
menn um sögu hennar.

var vinsæll áfangastaður píla-
gríma. Klaustursins er einnig
getið í íslenskum heimildum. Á
13. öld var Sigvarður Þéttmars-
son biskup í Skálholti, en hann
hafði áður verið ábóti í Selju.

Klaustrið var lagt niður við
síðaskiptin árið 1537 en bygging-
in stendur enn reist og virðuleg
og er vinsæll viðkomustaður
ferðamanna.

bergsteinn@frettabladid.is



SUNNEVUHELLIR Helliurinn er nokkuð djúpur og engu líkara en Pétur Halldórsson, út-
varpsmaður á Akureyri, sé að koma úr íðrum jarðar.

Nýtt

Nicotinell® Classic



Fyrir þá sem vilja mjúkt og gott nikótíntyggjó með nikótínbragði.

20% afsláttur

5.-23. september í öllum apótekum Lyf & heilsu

Ráðgjöf og kynning í Lyf & heilsu

| | |
|------------------------|------------------------------|
| Miðvikudagur 14. sept. | Lyf og heilsa Domus Medica |
| Fimmtudagur 15. sept. | Lyf og heilsa Akranes |
| Föstudagur 16. sept. | Lyf og heilsa Fjarðarkaupum |
| Miðvikudagur 21. sept. | Lyf og heilsa JL-húsinu |
| Fimmtudagur 22. sept. | Lyf og heilsa Seltjarnanesi. |



 Lyf & heilsa

ARNARSON.TK · NIC-004-240105

Nicotinell tyggigúmmí er lyf sem er notað sem hjálparefni til að hætta eða draga úr reykningum. Það inniheldur nikótín sem losnar þegar tuggið er, frásogast í munninum og dregur úr fráhrarfseinkennum þegar reykningum er hætt. Tyggja skal eitt stykki í einu, hægt og rólega til að vinna gegn reykningabörf. Skammtur er einstaklingsbundinn, en ekki má tyggja fleiri en 25 stk. á dag. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en 1 ár. Nikótín getur valdið aukaverkunum, s.s. svima, höfuðverk, ógleði, hiksta og ertingu í meltingarfærum. Sjúklingar með slæma hjarta- og æðasjúkdóma eiga ekki að nota nikótínlyf nema í samráði við lækni. Lyfið ekki ætlað á meðgöngu / brjóstagjöf án samráðs við lækni. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota lyfið. Nicotinell tyggigúmmí er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára nema í samráði við lækni. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja pakkningunni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Vonandi fer allt í háloft á landsfundi sjálfstæðismanna:

Gleðina til vegs á ný

Ein hver einkennilegustu ummælin sem féllu í tilefni af þeirri ákvörðun Davíðs Oddssonar að hætta í stjórnárum og láta skipa sig bankastjóra í Seðlabankanum komu úr penna nánasta samherja hans, Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra. Björn skrifaði á vefsíðu sína að „gleðin væri horfin úr stjórnárum“.

En þessu er áreiðanlega alveg öfugt farið. Með brottför hins sterka og framkvæmdasama foringja og þrúgandi andrúmslofti sem slíkum fylgir er ástæða til að ætla að tími og tækifæri gleði og sköpunar séu á ný að renna upp í Sjálfstæðisflokknum, en ekki að kveðja.

Sem stjórnárum og þrátt fyrir þátt Davíðs Oddssonar verði skemmtilegur og hnyttinn í tilsvörum. Margir sóttust þess vegna eftir félagsskap hans. En hann var ekki beinlínis hugmyndaríkur. Hann hafði takmarkaðan áhuga á hugmyndum sem slíkum. Auk húmorsins fólst styrkur hans í framkvæmdasemi og stjórnfestu. Verkin sem hann hrinti í framkvæmd og halda munu nafni hans á lofti byggðu á hugmyndum annarra frá fyrri árum sem þá áttu erfitt uppdráttar. Tíundi áratugurinn er að þessu leyti svipaður viðreisnarárnum. Hugmyndirnar voru eldri en nú voru þær framkvæmdar. Þeir sem eru nógu gamlir til að muna síðustu ár viðreisnarinnar kannast líka við sömu tilfinningu í þjóðfélaginu á þeim tíma og á síðustu valdaárum Davíðs Oddssonar.

Áttundi áratugurinn var eitthvert fjórlegasta skeiðið í sögu Sjálfstæðisflokksins á ofanverðri tuttugustu öldinni. Þetta var tíminn þegar menn eins og Friðrik Sophusson hrópuðu „Bákníð burt“ og Hannes Hólmsteinn Gissurarson hóf frjálshyggjuna til vegs. Geir Hallgrímsson, þáverandi formaður flokksins sýndi þessum hugmyndum skilning og velvilja, en tími athafnanna rann ekki upp að fullu fyrir en í tíð Davíðs Oddssonar.

Landsfundir sjálfstæðismanna hafa nú í hálfan annan áratug verið sorglegar samkomur hugmyndalegrar deyfðar. Átök á fundum hafa oftast snúist um þrönga fjárhagslega hagsmuni, svo sem ófrjótt karp sægreifa og smábátamanna eða bændaforystu og neytenda. Vel má vera að komandi landsfundur verði sama marki brenndur. En hann þarf ekki að vera það. Þingfulltrúar hafa málfrelsi, tillögurétt og atkvæði. Þeir geta látið til sín taka án þess að hafa áhyggjur af afleiðingunum.

Vel má vera að andstæðingar sjálfstæðismanna vonist eftir átökum á landsfundinum sem skaði flokkinn. Enginn þarf að vera hissa á því. Þannig er pólitíkin. En til lengri tíma lítid eru átök um hugmyndir, um markmið og leiðir í stjórnárum, hverjum stjórnárum flokki holl. Það getur því alveg farið saman að vera dyggur og traustur sjálfstæðismaður og vilja flokknum vel og að vonast eftir því að allt fari „upp í háloft“ á næsta landsfundi sjálfstæðismanna.



allt markvissar auglýsingar

...um hús og heimili á mánudögum í Fréttablaðinu.

Hafið samband við auglýsingadeild „Allts“

Síminn er 550-5000

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÁ DEGI TIL DAGS

Fjölskylduvaldi

Í fréttum Útvarpsins í gær sagði: „Verulegar líkur eru á að stjúpfæðgar verði samtímis formenn Sjálfstæðisflokksins og Sambands ungra sjálfstæðismanna í næsta mánuði. ... Það yrði í fyrsta skipti sem slíkt gerist segir prófessor við Háskóla Íslands. ... Nú eru þrjár vikur í að samband ungra haldi sitt þing í Stykkishólmi, en fimm vikur eru í landsfund Sjálfstæðisflokksins sjálfs, sem haldinn verður í Reykjavík samkvæmt venju. Aðeins Borgar Þór Einarsson hefur tilkynnt um framboð til formanns ungra en hann er sonur Ingu Jónu Þórðardóttur og stjúpsonur Geirs H. Haarde“.



Borgar Þór Einarsson hefur tilkynnt um framboð til formanns ungra en hann er sonur Ingu Jónu Þórðardóttur og stjúpsonur Geirs H. Haarde“.

Náin tengsl

Í þessu sambandi rifjast upp að bræðurnir Ólafur og Thor Thors sátu samtímis á þingi á árunum 1933 til 1940 og ennfremur bræðurnir Bjarni og Pétur Benediktssynir árin 1967 til 1969. En tengslin voru þessum mönnum ekki alltaf til framdráttar. Fram kemur í ævisögu Péturs eftir Jakob F. Ásgeirsson að Bjarni var ekki hlynntur framboði bróður síns, taldi ekki heppilegt að þeir væru báðir í stjórnárum. Þess vegna bauð Pétur sig fram miklu seinna en hann hefði sjálfur kosið. Þá er vitað að eftir að hafa dvalist lengi vestanhafs sem sendiherra langaði Thor Thors að hasla sér völlu að nýju í íslenskum stjórnárum á sjötta og sjöunda áratugnum. Áhrifamenn í flokknum töldu

að ekki væri svigrúm fyrir þá bræður báða og varð ekkert úr framboðinu.

Ekki þörf á aðstoð

Tengsl geta líka orðið mönnum til framdráttar. Jóhann Hafstein var tengdasonur Hauks Thors, bróður Ólafs Thors, þegar sá síðarnefndi ræði hann framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins árið 1939. Á valdaskeiði Ólafs varð Jóhann borgarfulltrúi, alþingismaður og ráðherra. En Jóhann var sjálfstæður og dugmikill, þannig að í sjálfa sér þurfti ekki að rétta honum hjálparhönd til frama í flokknum. Sama má líklega segja um Borgar Þór Einarsson sem athylli hefur vakið fyrir rösklega framgöngu á vettvangi ungra sjálfstæðismanna á undanförunum árum og fjórleg skrif í vefritið Deigluna.

gm@frettabladid.is

Ekki var gert ráð fyrir því fólki

Sagt er að Bandaríkjaforseti eigi við ímyndarvanda að stríða í kjölfar fellibylsins sem grandaði New Orleans, en þó verður að segjast að hann má furðu vel við una að um það bil fjórutíu prósent samlanda hans skuli segjast ánægðir með frammistöðu hans, eftir það sem á undan er gengið. Þegar fellibylurinn skall á var leiðtogiinn í frí þrátt fyrir yfirvofandi vá. Fyrsta daginn hafði hann ekkert að segja. Síðan gaf hann út þá yfirlýsingu að enginn hefði getað séð þetta fyrir. Hvert atriði af þessum þremur ætti að nægja til að rýja hann trausti.

Þegar beðið var um lyf í kjölfar fellibylsins fengu hjálparstarfsmenn í New Orleans send lyf gegn miltisbrandi. Þegar þeir spurðu furðu lostnir hverju þetta sætti var svarið að lyfið hefði verið efst á lista almannavarna yfir lyf í kjölfar hörmunga. Þegar stormurinn var í aðsigi sendi FEMA, bandarísku almannavarnirnar, aðeins 7 af 28 leitar- og hjálparsvæitum sínum á vettvang. Í borginni voru 100.000 manns sem áttu engan bíl. Ekki hafði verið gert ráð fyrir rútum handa því fólki. Og ekki hafði verið gert ráð fyrir vistum handa því fólki. Ekki hafði verið gert ráð fyrir húsaskjólum handa því fólki. Með öðrum orðum: ekki hafði verið gert ráð fyrir því fólki. Og þarna mátti það dúsa innilokað fyrstu dagana eftir fellibylinn, matur og aðrar vistir bárust seint og illa og glæpamenn óðu uppi allt í kring því að enginn var til að halda uppi lögum og reglu.

Þetta eru aðeins nokkur dæmi af ótal mörgum sem mátti lesa um í erlendum blöðum af frammistöðu yfirvalda og segir sína sögu um algjört andvaraleysi í kjölfar þess að almannavarnir voru innlimaðar í ráðuneyti öryggismála sem stofnað var eftir 11. september og yfir þær settur vildarmaður um Bush sem áður hafði starfað að ræktun arabískra gæðinga og

þaðan flæmdir starfsmenn með sérþekkingu á almannavörnum en kosningasmalar og aðrir gæðingur hlömmuðu sér niður í störf þeirra.

Í DAG
FELLIBYLURINN Í NEW ORLEANS



GUÐMUNDUR
ANDRI
THORSSON

Þegar beðið var um lyf í kjölfar fellibylsins fengu hjálparstarfsmenn í New Orleans send lyf gegn miltisbrandi

Engu er líkara en að yfirvöldin hafi á einhvern hátt verið búin að þurrka út úr meðvitundinni alla vitneskju um allumlykjandi náttúruna, lögmál hennar og hætturarnar sem fylgja því þegar þeim lögmálum er þráfaldlega storkað, til dæmis með stöðugum útblæstri lofttegunda sem valda gróðurhúsaáhrifum, sem Bandaríkjaforseti gerir ýmist að draga í efa eða fallast á með semingi að kunni ef til vill að vera einhver.

Ekki er vitað hverju það hefði breytt ef framlög í endurnýjun varnargarða hefðu ekki verið skorin niður til að standa straum af stríðinu í Írak. Hitt blasir aftur á móti við að það kom mjög niður á öllu hjálparstarfi að yfir 3000 manns úr þjóðvarðliðinu í Louisiana-fylki skyldu vera staddir í Írak þegar fellibylurinn skall á.

Skelfilegast var skeytingarleysið gagnvart því fólki sem hafði orðið innlyksa í borginni þegar ósköpin dundu yfir – bílalaus og allslausa fólkinu sem

gleymst hafði að gera ráð fyrir. Þótt ólíku sé saman að jafna um umfang og afleiðingar þá hljóta að rifjast upp fyrir Íslendingi hamfarir undangenginna ára: Gos í Eyjum og snjóflóð fyrir vestan. Það sem einkenndi viðbrögð við öllum þessum hörmungum var samkennd landsmanna allra og löngun til að taka þátt í uppbyggingu og hjálp: Fólk streymdi hvaðanæva á vettvang og bauð fram liðsinni. Hvað sem líður orðagjálfrum á ættjarðarast og þrálátum fánahyllingum virðist sitthvað skorta á þessháttar samkennd meðal Bandaríkjamanna – eða öllu heldur að hún nái til allra. Yfirvöldum mistókst að virkja slíkar kenndir nú, sennilega vegna þess hversu þessum kenndum hefur verið rækilega sóað að undanförunu í misráðnum hernaði í fjarlægum álfum.

Loks hefur heimsbyggðin öll orðið fyrir menningarsögulegu stórtjóni. New Orleans er ein af menningarhöfuðborgum Bandaríkjanna og jafnast þar á við bæði New York og Los Angeles: Þetta er vagma djasstónlistarinnar, sem kann að hafa verið mikilvægasta framlag Bandaríkjanna til heimsmenningarinnar á 20. öld. Þótt samgangur svonefndra kynþátta hafi verið mjög takmarkaður í byrjun 20. aldarinnar þá var hann nægilegur til að þessi tónlist og menningin henni samfara varð til við samslátt menningar svonefndra kreöla þar sem frönsk viðhorf voru ráðandi, og fólks af afrískum uppruna, afkomenda þræla. Og frá New Orleans kom Louis Armstrong, jöfurinn sem átti ríkastan þátt í því að gera djassinn að list einleikarans. Þarna fóru því undir vatn geysilegar merkar menningarsöguminjar á heimsvisu.

Hins vegar eru bréf nú sögð hafa hækkað mjög í Halliburton.



Launahækkun seðlabankastjóra

Atgervisflótti er aum réttlætning þegar þeir hæfustu eru aldrei ráðnir

LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Amdís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafatlaði 24, 105 Reykjavík AÐALSíMI: 550 5000 SíMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIPING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Sólarupprás Hádegi Sólarlag
 REYKJAVÍK 6.42 13.24 20.04
 AKUREYRI 6.23 13.09 19.52
 Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er mánudagur 12. september, 255. dagur ársins 2005.

FASTEIGNASÖLUR

| | |
|------------------------|--------|
| 101 Reykjavík | 8-9 |
| Árborgir | 24 |
| Ás | 46-48 |
| Borgir | 18 |
| Draumahús | 27-30 |
| Eignalistinn | 31 |
| Eignamiðlun | 15 |
| Eignastýring | 37 |
| Fasteignamiðlun FM | 44 |
| Fasteignam. Grafarv. | 45 |
| Fasteignastofan | 38 |
| FMH fasteignasala | 41 |
| Fst. Suðurnesja | 31 |
| Fyrirtækjasala Ísl. | 33 |
| Gloria Casa | 20 |
| G.Ó | 22 |
| Heimili | 17 |
| Hof | 14 |
| Hóll | 24, 32 |
| Hraunhamar 12-13 og 35 | |
| Húsalind | 40 |
| Húseign | 25 |
| Höfði | 21 |
| Klettur | 10-11 |
| Lundur | 42-43 |
| Lyngvík | 19 |
| Neteign | 16 |
| Nethús | 39 |
| Nýtt | 23 |
| Remax Búi | 36 |
| Smárin-Húsið 6-7 og 49 | |
| X-hús | 17 |

SMÁAUGLÝSINGAR

byrja í dag á bls. 50

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is



allt - fasteignir

hús o.fl.

Útiarnar fyrir haustið BLS. 3
Ráð frá Rakel BLS. 5

fasteignir

Heilsuverndarstöðin BLS. 26
Fjölbreytt útileiktæki BLS. 22

ER ÞÍN FASTEIGN AUGLÝST HÉR?

MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS



Glæsilegur garður einkennir þessa eign.

Einbýlishús með frábærum garði

Fasteignasalan 101 Reykjavík er með til sölu 200 fermetra einbýlishús í rólegri götu í Mosfellsbæ. Húsinu fylgir glæsilegur garður sem var valinn verðlaunagarður Mosfellsbæjar árið 2001.

Komið er inn í flísalagða forstofu með fatahengi. Inni af henni er gestasalerni sem einnig er flísalagt. Úr forstofu er gengið inn í mjög rúmgóða stofu og borðstofu með flísum á gólfi. Úr stofunni er gengið út í flísalagðan garðskála þar sem er stór arinn og tólf ára gamall vínviður sem gefur vel af sér. Stórar hurðir eru á garðskálanum út í garðinn, sem snýr í suður og er með nuddpotti. Úr stofunni er gengið inn í rúmgott parkettlagt herbergi.

Á ganginum, sem er með parketti, er mikið af skápum. Þar eru þrjú parkettlögð herbergi, þar af eitt með skápum og möguleiki á að breyta einu þeirra í tvö. Baðherbergið er með baðkari og innréttingu.

Í húsinu er rúmgott þvottahús með góðu búi þar sem gengið er út á malbikaða innkeyrslu.

Bílskúr fylgir húsinu og er hann 31 fermetri að stærð með rafmagni. Skipt hefur verið um járn á þaki bílskúrs og þakkantur klæddur. Útgangur er úr honum í garðinn.

Garðurinn er mikil þrýði og eru í honum vel klipptir runnar og tré. Hann var valinn verðlaunagarður Mosfellsbæjar árið 2001.

Húsið stendur við Lágholt, sem er róleg gata í Mosfellsbænum. Ásett verð 38 milljónir.

LIGGUR Í LOFTINU

[HÚS - HEIMILI]

Endurbótum og viðbyggingu er lokið við Dvalar- og hjúkrunarheimilið Naust á Þórshöfn. Í nýju byggunni eru sjö eins manns herbergi með sér-salerni og sturtu og ein tveggja manna íbúð, ásamt borðsal og setustofu, tækniherbergi, baðherbergi, salerni og línherbergi. Það var Trésmiðjan Rein ehf. sem vann verkið.



yrði rífið fyrir nokkrum árum. Nú er það orðin hin mesta bæjarþrýði. Þar eru þrjár íbúðir og af efri hæðinni er glæsilegt útsýni yfir flóann og fjöllin. Húsið er í eigu Norður-Siglingar. Af vefnum www.skarpur.is

fasteignir@frettabladid.is

Gamla skóbúðin á Húsavík hefur gengið í endurnýjun lífdaga. Húsið var byggt árið 1907 og litlu munaði að það

Íbúðalán

4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Góðir pappakassar eru lykillinn að góðum flutningum. Trosnaðir kassar með rífnum botni geta flækt flutningana óþarflega mikið. Gott ráð til að styrkja kassana er að líma botninn á þeim.



S.Ó. Garðverk

Fagmennska í fyrirrúmi
PALLASMÍÐI, HELLULÖGN,
TRAKTORSGRAFA, MINI-VÉL OG
VÖRUBÍLL MEÐ KRABBA

Sigurður Ólafsson
S: 822 3650

GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir

Stigar, allar gerðir
Innihurðir
Parket

Verkstöðisþjónusta
Tíðsmið og lókkun

Imex ehf.
Lýngdaleið 3
Árbæjarhlíð
Sími 567 1300
www.imex.is

- * Móðuhreinsun
- * Gler og gluggaskipti
- * Gluggaviðgerðir

Magnús Már s 899-4665

Móðuhreinsun
Magnúsar

3.590
~~5.990~~

PROFF

TAKVEGGI
Malt 03

Innimálning, 10 ltr
Jotun. Hefðbundin plastmálning á loft og veggi, gljástíg 3.
7119854

Innimálning
á frábæru verði



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

989 BYLGJAN

Reykjavík síðdegis
Alla virka daga kl. 16-18.30



Pipar og salt selur þessi fallegu húsnúmeraskilti. Meðalstærð kostar um 9.900 krónur.

Vísaðu veginn heim

Mesta þrýði getur verið af flottum merkingum og með því að merkja vel vísar þú gestunum veginn og pósturinn brosir út að eyrum.

Vel valin húsnúmeraskilti og nafnaskilti á hurðum geta gefið til kynna hvers konar mann-



SmáraSkór eru með þessi skilti í umboðs-sölu frá úrsmiðnum Guðmundi Helgasyni.



Þó nokkurt úrval er af húsnúmerum í Byko og meira á leiðinni. Flest eru á um 2.500 krónur en það ódýrasta kostar einungis 590 krónur.



Vel mælt!

TOMMUSTOKKURINN ER EKKI GERÐUR TIL AÐ LEIKA MEÐ.


Að mæla rétt er lykillinn að góðum endurbótum. Vitlaus mæling getur bæði verið tímafrek og kostnaðarsöm ef hún hefur leitt til þess að efnivíðurinn skemmist á einhvern hátt. Lykilorð smiðanna er að mæla tvisvar og saga einu sinni, því þú getur ekki dregið til baka ef vitlaust er sagað.

- Passaðu að hafa málbandið alveg hornrétt á hlutinn sem þú ert að

mæla. Annars virðist hann vera lengri en hann er í raun.

- Skrifðu málin niður. Þrátt fyrir að þú sért með besta minni norðan Alþingjanna geta tölurmar auðveldlega skolast til, sérstaklega ef þú ert með margar sem þarf að muna.

- Þegar þarf að merkja á viðinn verður að nota réttan blýant. Notaðu



frekar mjúkt blý og vel yddað og gerðu „v-merki“ í staðinn fyrir „l-merki“ því þau gefa nákvæmari mælingu.

- Ef þú ert að mæla til að saga einhvern bút verður að gera ráð fyrir því að sagarblaðið minnkar búttinn örliðið. Þetta þarf bara að hafa bakvið eyrað og gera ráð fyrir því.



Númeraskilti frá Pipar og salt.

svo þetta geti nú allt saman verið stílíserað.



Þessi skilti fást hjá Halla gullsmiði á Skólavörðustíg. Þau eru á um þúsund krónur auk áletrunarkostnaðar.



Útiarnar úr steypujárni frá Arinbúðinni Litir: svartur – grænn – brons

Útiarnar fyrir haustið

Hægt er að framlengja sumarið með því að kynda upp haustvalan úti við. Betra er að kunna að fara með arnana.

Það er engin ástæða til að flýja kuldann inn í hús yfir vetrartímann. Það er hægt að búa sér til hlýja og góða útistofu á veröndinni með útiarni, hita kakó handa fjölskyldunni og horfa á stjörnuarnar.

Útiarnar fást bæði úr steypujárni leir og í sumum þeirra er einnig grill.

Við meðferð útiarna skal gæta þess að arininn sé í hæfilegri fjarlægð frá brennanlegum efnum eins og timburveggjum, grindverkum, plöntum eða útihúsgögnum. Arnana á að nota utandyra og tryggja að undirlagið sé eldfast eða hitaþolið. Yfirborð arnanna verður mjög heitt þegar kveikt er upp í þeim og því nauðsynlegt að passa litla forvitna fingur og heimilisdýrin. Á botn leiðranna er lagt um 8 cm lag af mól eða steinum og þá er hægt að brenna greinar og pappír og svo stærri trébúta. Best er að láta eldinn kulna rólega og setja yfirbreiðslu á til að hann haldist þurr. Leiðrarnir mega ekki standa úti í frosti og þeir eru ekki gerðir til að brenna kol, pressaðan við eða fljótandi eldsneyti. Blotni ofninn getur myndast hvít skán sem auðvelt er að hreinsa með ediki og



Útikertastjappar frá Arinbúðinni.

sprauta síðan af með vatni. Í meðferð leiðranna skal hafa í huga að hreyfa þá ekki meðan þeir eru blautir eða rakir því þeir gætu brotnað. Einnig getur liturinn á þeim breyst með tímanum. Steypujárnsarnarnir endast vel og geta staðið úti allt árið. Þeir þola mikinn hita og frostspringa ekki. Útiarinn er málaður með hitaþolinni málningu og er auðveldur í viðhaldi. Á eins til tveggja ára fresti er gott að bera á ofninn með hitaþolnu spreyi sem fæst í byggingavörusmiðjum. Til að verja arininn gegn ryði skal strax bletta í rispur með málningu og til að verja arininn gegn raka er gott ráð að bera á hann matarolíu. Þegar arininn er ekki í notkun er gott að nota lokið sem fylgir á strompinn til að koma í veg fyrir að rigni ofan í hann. Brenna má timbri, grillkolum og arinkubbum en aldrei fljótandi eldsneyti af neinu tagi.

Verði ljós

Sumarið í garðinum lengt með rafmagnsljósum og kertum.

Birtan dvelur ekki lengur langt á kvöld, en fyrir kemur að hlýndi séu það mikil að hægt sé að sitja úti í garði fram eftir. Nokkrar leiðir eru færar til að njóta útiverunnar þó birtan sé ekki til staðar. Í fyrsta lagi má ylja upp úti við með gashitara eða útiarni og kerti eru einnig góð leið til að veita birtu, auk þess sem skemmtileg og rómantísk stemning myndast í kringum þau. Kertin er hægt að hengja í krukum upp í tré og dreifa um allan garð.


Sólarselluljós eru einnig skemmtileg leið til að fá birtu. Best er að láta þau standa innan-



Með aðstoð rafmagnsljósa er hægt að lengja sumarið út í garði.

dyra í glugganum til að hlaða sig yfir daginn, stinga þeim svo út í moldina um kvöldið, en í þeim er ljósskynjari, og kveikja þau á sér

þegar tekur að rökkva. Aðalmálið er að vera úti eins lengi og hægt er og láta skort á sumarbirtu ekki aftra sér.



Láttu þér líða vel með **ALNO**



PANORAMA

ELDHÚS - TÆKI - STIGAR - BÄD - FATASKÁPAR

... miðstöð innréttinga

Síðumúla 30 • 108 Reykjavík

S. 553 6400 • f. 553 6403 • panorama@panorama.is • www.panorama.is

OPÍÐ
Virka daga kl. 10 - 18
Laugardaga kl. 11 - 14

ALLIR LEIKIRNIR SEM SKIPTA MÁLI Í BEINNI Á SÝN

SÝN
besta sætið

Heimilislán SPK

- þú færð betri kjör hjá okkur

Hagstæð lán sem þú getur notað til að kaupa eða endurnýja allt sem tengist heimilinu, s.s. sófasett, þvottavél, sjónvarp, parket, ísskáp o.fl.

- lægri vextir
- afsláttur af lántökugjaldi
- til allt að 5 ára
- allt að 800.000 kr.
- enginn auka kostnaður við uppgreiðslu
- ekki skilyrði að vera viðskiptavinur SPK



Sparisjóður Kópavogs • Hlíðasmára 19, Digraunesvegi 10
Sími: 515 1950 • Fax: 515 1909 • www.spk.is • spk@spk.is



VELFAC

Gluggar
10 ára ábyrgð

formaco

Fossaleyni 8 · 112 Reykjavík
Sími 577 2050 · www.formaco.is

GLUGGA LAUSNIR

Hafðu samband
og við komum
heim til þín

Vandað, einfalt og ódýrt

Blinds **534 1300**
www.gluggalausnir.is

Talstöðin
FM 90,9

GÍTARINN ehf.

Deild 027 · 100 Reykjavík · Sími 552-2123 · gita@gluggalausnir.is · www.gitarinn.is

MAPEX Trommusett
hi-hat & crash diskar, stóli, trommukjuðar

Rið verð: ~~kr. 79.900~~
Tilboðsverð: ~~kr. 59.900~~

Ofurtilboð:
kr. 49.900
Aðeins í nokkra daga!

ENCORE Klassiskur Gítar
Pök, Dólfur, Stangsetti
kr. 10.900

Opn: Mán.-Fös. kl. 10-18 / Lax. kl. 11-16



Páskalliljurnar bera með sér birtuna á vorin.

Lífgað upp á vorið með laukum

Haustlaukarnir eru komnir á markað og eflaust hugs margir til þess að lífga upp á vorið með þeim.

Þegar við förum að pota niður haustlaukunum er ýmislegt sem þarf að hafa í huga ef útkoman á að verða góð. Til dæmis þurfa flestir laukar skjól og góða birtu. Einnig þarf jarðvegur að vera heppilegur og ekki á að setja lauka í blaut beð með klesstri mold því þeir taka til sín sveppi og geta jafnvel myglað.

Laukarnir þurfa að komast nægilega djúpt niður í jarðveginn. Þumalfingursreglan er sú að moldarlagið ofan á þeim sé um þreföld hæð þeirra en ekki spillir



Túlípanar fegra umhverfið ótvírætt.

að setja þá örlítið dýpra. Litlir laukar sem eru kannski ekki nema um tveir cm á hæð þurfa að fara dýpra en sex cm niður því annars á frostið of greiða leið að þeim. Það lag af lausri mold sem sett er yfir laukana við gróðursetningu á líka eftir að þjappast

yfir veturinn þannig að átta cm lag getur orðið fjögurra cm þykkt og það er ekki nægilegt til að verja laukana frosti.

Best er að setja laukana niður í þetta hnappa. Þannig njóta þeir sín best auk þess sem blómin fá stuðning hvert af öðru og blása því síður um koll. Sjó til tíu laukar eru hæfilegir í einn brúsk.

Sumarbústaðaeigendur verða stundum fyrir því að mýsnar gerast ágengar við laukana þeirra. Til að verjast því er hægt að nota sand sem köttur hefur notað til að gera þarfir sínar í og dreifa svolitlu af honum yfir laukana þegar þeir eru gróðursettir. Mýsnar forðast kattahlandslyktina jafnmikið og þær reyna að forðast kettina sjálfa.

Öðruvísi þakrennur

Hægt er að leiða vatnið niður af þakinu á grófri keðju.

Þakrennur eru kannski ekki það fyrsta sem tekið er eftir þegar horft er á hús en þær geta verið ólíkar. Áður fyrr voru allar þakrennur úr járn en þeim hætti til að ryðga og nú nota því flestir

plastrennur. Sumir eru þó framúrstefnulegir og hafa valið aðferð sem mun vera dönsk að uppruna en það er að leiða vatnið niður úr þakskegginu með grófri keðju.



Hér er keðja látin leiða vatnið niður af þakinu.



Venjuleg plastþakrenna.

NÝTT!

Nudd STURTU KLEFAR

verð frá **69.900 stgr**

Rúnaðir 90x90
Rúnaðir 80x80
Kantaðir 80x80
Öryggisger
Sturtuseti
Hitastýrð
blöndunartæki
8 nuddstútar
Sæti
Botn og vantslás

tab

INNRETTINGAR & TÆKI

www.i-t.is

OPÍD: Virka daga frá kl. 09-18 Laugardaga kl. 10-14
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



RÁÐ frá Rakel

RAKEL GEFUR GÓÐ RÁÐ UM ALLT SEM VIÐKEMUR UMHIRÐU TEKKHÚSGAGNA

Tekkið gengur aftur

Tekkhúsgögn eru orðin áberandi á ný, innan dýra sem utan. Þeir sem vilja vera „retro“ eða eru endurnýtingarsinnar hafa dregið fram Hansa-hillurnar góðu úr geymslum forfeðranna eða keypt sér tekk-mublu í Góða hirðinum fyrir slíkk. Enn aðrir hafa skipt út garðhúsgögnum úr plasti fyrir ný úr tekki. Tekk (Tectona Grandis) er olíumettuð trjátegund úr hitabeltisskógum Asíu. Bátasmiðir og sjómenn hafa í aldaraðir kunnað að meta þennan harðgera við sem stenst vel ágjöf, veður og vinda. Fyrir þá sem hafa fest kaup á útihúsgögnum úr tekki og

eru að bera þau í hús eftir sumarið má upplýsa að viðhald og hreinsun garðhúsgagna fer svolítið eftir hvernig menn vilja láta þau líta út. Mikilvægast er að viðurinn sé hreinn fyrir frekari meðhöndlun, olíumurningu eða lökkun. Þvoðið húsgögnin með vatni og sápu og burstið með mjúkum burstu (ekki stálull eða stálbursta á þessu stigi) eftir rákunum í viðnum en aldrei þvert á rákirnar. Mikilvægt er að láta húsgögnin þorna vel í um tvo daga innan dýra áður en olía er borin á til að loka ekki vatn og bakteríur inni í viðnum sem getur orðið til þess að viðurinn myglar eða rotnar. Þegar slíkt gerist koma fram dökkir dýlar og þá þarf að hreinsa viðinn upp á nýtt. Til að fá ljósari lit aftur

þarf að slípa yfirborðið, þvo og olíubera aftur. Upprunalegur litur tekks er gullinn og almennt má segja að áferð húsgagna úr tekkviði sé frekar hrjúf og tekur því oft í sig bletti og rákir, að ónefndu rykinu. Ef útihúsgögnin eiga að vera gráleit er best að gera sem minnst við þau. Þetta útlit þykir sumum fallett, til dæmis hjá gömlu siglingapjóðunum Hollendingum og Dönnum sem teikn um að þeir séu með ekta tekkvið. Til að fá þetta útlit er viðurinn ekki olíuborinn en þveginn við og við eftir þörfum. Það borgar sig að geyma húsgögnin á skuggsælum og þurrum stað, gleyma þeim yfir vetrarmánuðina og hitta þau aftur með hækkandi sól.

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga



Ekki bjóða þjófum inn

OFT ER AUÐVELT FYRIR ÞJÓFA AÐ KOMAST INN UM DÝR OG GLUGGA.

Flestir vilja komast hjá því að fá óboðna gesti inn til sín. Þegar brotist er inn á heimili fólks er algengast að hurðir eða gluggar séu brotnir upp. Oft er það auðvelt verk. Hér eru nokkur atriði sem gott er að hafa í huga vilji maður halda þjófum frá.

- Málmhurðir eru meiri fyrirstaða fyrir þjófa en hefðbundnar viðarhurðir. Ef málmur stendur ekki til boða þá er hyggilegt að velja massíva hurð úr harðviði sem erfitt er að brjóta upp.
- Það er auðvelt að brjóta hurðina upp ef hjarirnar eru fyrir utan dýrnar. Hjarir á útidyrhurð ættu alltaf að vera innandyra.
- Gakktu úr skugga um að ekki sé hægt að fara með höndina inn um bréfalúguna og teygja sig í lásinn.
- Það er góð regla að skipta um lás þegar flutt er í nýtt húsnæði. Þú veist ekki hverjir hafa lykil að húsinu.
- Gluggar sem aldrei eru opnaðir ættu að vera kirfilega lokaðir og festir aftur.
- Það ætti alltaf að vera sterkt gler, helst tvöfalt, í gluggahurðum og í gluggum við útidyr.

Eitt líf – njótum þess

Betra BAK

Queen
152x203 cm.
Gafli
Botn
Lappir
Dýna
AÐEINS KR 134.900,-

THE NeverTurn MATTRESS



Viking Base



3 litir af botnum og SquareAlu færur



Signature Brown



Lady white



Spring Air Never Turn heilsudýnan

Dýnan með lívhlíðandi stálgormakerfinu „Torsion II“. 806 gormar í Queen stærðinni (152x203 cm). Steypnar hlíðarstyrkingar auka svefnsvæði um allt að 30%. 100% náttúruleg gæðaeefni. Láserskorin ConformaFoam yfirdýna. Komdu í verslun okkar að Faxafeni 5 og við hjálpum þér að finna réttu dýnuna fyrir þig á tilboði með gafli og öllu tilheyrandi!

Signature rúm með Spring Air heilsudýnu

Þrjár gerðir af göflum í boði (Signature, Lady og Viking), þrír litir og þrjár stíflleikar á dýnu. Ath! aukahlutir á myndum ekki innifaldir í verði.

Tilboðsverð

Signature gafli, botn og Spring Air Natures Comfort heilsudýna

| Heiti | Stærð | Verð kr |
|-----------------------------------|-----------|------------|
| SIGNATURE NATURES COMF. Queen | 153 x 203 | 134.900 kr |
| SIGNATURE NATURES COMF. Cal. King | 183 x 213 | 164.900 kr |
| SIGNATURE NATURES COMF. King | 193 x 203 | 164.900 kr |

Talstöðin FM 90,9

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftast á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

Betra BAK
Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16



BLÁU HÚSIN
V/FAXAFEN
SUÐURLANDSBRAUT 50
108 REYKJAVÍK
husid@husid.is

Salómon Jónsson - lögg. fast.sali - Húsið
Hrafnhildur Helgadóttir - sölumaður - Húsið
Hallmundur Hallgrímsson - sölumaður - Húsið
Kristinn Erlendsson - sölumaður - Húsið
Steinunn Á. Frimannsdóttir - sölumaður - Húsið
Bjarni Hákonarson - sölumaður atvinnuhúsnæðis - Húsið
Ingvaldur Mar Ingvaldsson - viðskiptafræðingur - Húsið
Vilhjálmur Bjarnason - lögg. fast.sali - Smárinn
Ólafur Haukur Haraldsson - sölumaður - Smárinn
Guðný Guðmundsdóttir - sölumaður - Smárinn
Hilmar Þór Hafsteinsson - Sölumaður - Smárinn
Vilborg G. Hansen - Sölumaður - Smárinn



Verslunarmiðstöðinni
Smáralind
201 Kópavogi
smarinn@smarinn.is

VINNA SAMAN – HEILSHUGAR UM PINN HAG!

Klukkanirimi - Rvík Lækkað verð!



eumdúk á gólf og stórum skápum. Barnaherbergi með linoleumdúk á gólf og skáp. Eldhús með hvítri innréttingu og borðkrók. Verð: 18,0 millj.

Góð 3ja herbergja 89 fm á góðum stað í Grafarvogi, stutt í skóla og alla þjónustu. Sér inngangur er af svölum. Lýsing: Flísalögð forstofa með fatahengi. Hol með fatahengi. Stofa og borðstofa er mjög rúmgóð og björt, útgengt á svalir. Stórt og rúmgott hjónaherbergi með linol-

Bakkastaðir - Rvík



Glæsileg 124,9 fm 4ra til 5 herb. enda sérh. á jarðh. með sérinng. og öllu sér í litlu mjög snyrtil. fjölb. á góðum stað þar sem stutt er í skóla, leikskóla og frábæra útivistar og golfstöðu. Þv. herb. og geymsla innan íbúðar. Hiti er í stéttum. Sérmerkt bílast. Vönduð og gullfalleg íbúð, skápar upp í loft og fallett rauðeikarparket á gólfum. Eigendur eru að leita að einbýli, par- eða raðhúsi í hverfinu, skipti athugandi. Verð 29,4 m.

Kólguvað - Norðlingaholti.



ar að innan. Sjá nánar á glæsilegum vef www.husid.is/krokavad2

Vorum að fá í sölu efri og neðri sérhæðir í tvíbýlishúsum á frábærum stað í Norðlingaholtinu. Aðeins 7 hús í götunni. Neðri hæðirnar eru ca 127,5 fm 4ra herbergja og efri hæðirnar 4ra herbergja ca 164,9 fm þar af 37,4 fm bílskúr. Húsin skilast tilbúin að utan og tæplega tilbúin til innréttinga að innan. Lóð tyrfd og

Tröllateigur - Mosfellsbær



NÝUPPBYGGÐA GÖTU Í TEIGAHVERFINU Í MOSFELLSBÆ. Verð 29,8 milljónir

í byggingu, glæsilegt 5 herbergja, 189 fm endaradhús á 2 hæðum með innbyggðum bílskúr. Flatarmál lóðar er 495,9 fm Húsið afhendist fullbúið að utan, fókheld að innan með gólfhita (án stýrikerfis) og grólfjafnaðri lóð. ÞETTA ER GLÆSILEGT HÚS Á GÓÐUM STAÐ VIÐ

Byggðarholt - Mos.



Gott 127 fm raðhús á tveimur hæðum með gróinni lóð í rólegu og góðu hverfi í þessum fjölskylduvæna bæ. Á efri hæðinni er forstofa, gangur, hjónaherbergi, eldhúsið og góð stofa með útgangi á hellulagðan pall og í góðan garð með nýjum skjólgirðingu og þaðan í sameiginlega leikastöðu fyrir börn. Á neðri hæðinni er hol, geymsla, tvö herbergi ásamt baðherbergi, Laust fjötlega. Verð 23,9 m.

Krókavað - Norðlingaholti



hellulagt bílaplan. Sjá nánar á glæsilegum vef www.husid.is/krokavad2

Vorum að fá í sölu glæsilegar efri og neðri sérhæðir í tvíbýlishúsum á frábærum stað í Norðlingaholtinu. Neðri hæðirnar eru 127,5 fm 4ra herbergja og efri hæðirnar 4ra herbergja 164,9 fm þar af 37,4 fm bílskúr. Húsin skilast tilbúin að utan og tæplega tilbúin til innréttinga að innan. Lóð tyrfd og

Þórufell - Rvík



Björt og vel skipulögð 2-3ja herbergja 56,8 fm íbúð á annari hæð í snyrtilegu fjölbýli á rólegum stað í Breiðholti. Íbúðin skiptist í eldhús með t.f. uppþvottavél, stofu, baðherbergi, gott hjónaherbergi og herbergi sem tekið hefur verið af stofu og góðar sv-svalir. Hér er hver fermetri nýttur!! Stutt í alla þjónustu og skóla. Verð kr. 10,9 millj.

Hjallabrekka - Kóp



Höfum fengið í sölu stórt og mikið 291,9 fm fjölskylduhús með tvöf. 50,1 fm bílsk. og möguleika á 2 aukab. á stórum og gróinni lóð á besta stað í Kóp. innst í lokaðri botnlanga. Eignin skiptist í 215 fm efri sérhæð með tvöf. 50 fm bílskúr, 4 herb. eldhúsi, baðherb., þv.húsi, stofu, borðst., setust. og blómask. ásamt rými á neðri hæðinni sem er innréttað sem 2ja herb. aukab. og svo er sér 27 fm auka studioíbúð. Verð 49,8 m.

Mónað - Norðlingaholti



inntök greidd. Húsið er til afhendingar við kaupsamning. Nánari upplýsingar á skrifstofu.

Einbýli á einni hæð 176,1 fm ásamt 43,1 fm bílskúr. Húsið skilast fullbúið að utan, það er að segja húsið verður steinað að utan í dökkum lit. Lóð grótfjfnuð. Að innan tilbúið til innréttingar. Útveggir og innveggir múraðir og sandsparslaðir. Hiti kominn á húsið. Gólf flotuð. Öll

Lyngmói - Selfossi



Glæsilegt 107,7 fm parhús ásamt innbyggðum 37,1 fm bílskúr, samtals 144,8 fm, klætt m/viðhaldslétrí Canecel klæðningu. Húsið er í nýju hverfi á Selfossi og byggt árið 2004. Vandaðar innréttingar og gólfefni, birkihurðir, hellulögð innkeyrsla og frágengin ræktuð lóð. Laust við kaupsamning. V.24,9 m

Nýlendugata - Rvík



er í dag. Tilbúið til afhendingar. Eign með mikla möguleika. Verð 38 m.

Gamalt og uppgert 180,4 fm hús á 3 hæðum með þremur skráðum nýuppgerðum sérhæðum og vinnustofu með einstaklingsíbúð á 163,8 fm eignarlóð. Miðað er við að húsið skilist fullbúið að utan með nýju járn, gleri og nýjum opnanlegum fögum í gluggum og íbúðirnar fullbúnar og tilbúnar til íbúðar. Hægt er að fá eignina keypta eins og hún

Rjúpufell - Rvík



Góð 3-4 herbergja með bílskúr. Mjög rúmgott eldhús með flísum á gólf, hvít sprautlökkuð innrétting, skápar sem ná upp í loft, útgangur á yfirbyggðar flísalagðar svalir. Þvottahús er inn af eldhúsi. Rúmgóð stofa með parketi á gólf. Baðherbergi með flísum á gólf og veggjum, sturtuklefi. Svefnherbergi með dúk á gólf. Bílskúr með rafmagni, heitu og köldu vatni. Verð 18,9 m.

Álfkonuhvarf - Elliðavatn



Þvottahús innan íbúðar. Stórar suður svalir með góðu útsýni. Flott íbúð í falllegu umhverfi. Verð 27,9

Falleg fjögurra herbergja endaíbúð í nýlegu viðhaldsléttu fjölbýli við Elliðavatn ásamt sér bílstæði í lokaði bílageymslu. Íbúðin skiptist í andyri með flísum, stofa með parketi, eldhús með flísum, 3 góð herbergi með parketi, baðherbergi með flísum og hornbaðkari og

Hamraborg - Laus strax



Brynja veit ekki alveg hvar bóndabærinn góði á að vera en hann má alls ekki vera of langt frá höfuðborgarsvæðinu. „Svæðið frá Snæfellsnesi og alla leið að Helli kemur vel til greina. Ég er til dæmis alltaf voðalega hrifin af Borgarfirðinum. Þar er mátuleg blanda af undirlendi og fjöllum og ákaflega búsældarlegt,“ segir Brynja sem ætlar alls ekki að sitja með hendur í skauti á bænum sínum. Hún ætlar að stunda búskap á bænum og þarf þess vegna að eiga góð úti-hús og hlöðu. „Ég myndi vera með hesta og svo kannski nokkrar rolluskjástur líka, svona 50 til 100 stykki. Svo þarf auðvitað að vera hundur og köttur og það væri gaman að prófa að vera með hænur,“ segir Brynja. Sveitdraumur Brynju er kannski ekki svo langt undan því hún stundar nú fjarnám við Bændaskólann á Hvanneyri. Kannski kaupir hún sér jörð að námi loknu. Hver veit.



SELDAR EIGNIR Á AKUREYRI*



*Þinglýstir kaupsamningar, heimild Fasteignamat ríkissins.



Jæja, best að snara sér upp í tækið og hefjast handa.

Lúðvík á gröfunni

Byrjað er að byggja á Norðurbakkanum í Hafnarfirði.

Fyrsta skóflustunga var tekin síðastliðinn föstudag á nýja byggingarsvæðinu á Norðurbakkanum í Hafnarfirði. Það var Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfirðinga, sem vatt sér upp í risastóra ámokstursgröfu og sveiflaði bómunni fimlega. Það er byggingafélagið Ingvar & Kristján ehf. sem er að hefja framkvæmdir á svæðinu við fyrsta fjölbýlishúsið af þrettán sem eiga að rísa á sex lóðum. Áformað er að byggingaframkvæmdum verði lokið haustið 2007 og þá verður orðið fjórugt mannlíf á Norðurbakkanum því þar eiga að verða 440 íbúðir. ■

? SPURNING VIKUNNAR á fasteignavef Vísis


Er hiti í stéttinni heima hjá þér?

SPURNING SÍÐUSTU VIKU:

Eru næg bílastæði við heimili þitt?

| | |
|-----|--------|
| Já | 55,79% |
| Nei | 44,21% |

Péttull



Pakull 56x120 sm

Þykkt 200 mm

220060

Verð áður 4.818 kr/pk
3.850 kr/pk



Pilull 570x1200 sm

Þykkt 95 mm

219858

Verð áður 4.222 kr/pk
3.377 kr/pk

Pilull 60x120 sm


Þykkt 95 mm

219876

Verð áður 4.456 kr/pk
3.564 kr/pk



Stálstoð




Stálstoð 35x70 mm

Lengd 2,60 m

123119

Verð áður 580 kr/stk
380 kr/stk

Leiðari



Leiðari 70 mm

Lengd 3,6 m, með filti.

124125

Verð áður 987 kr/stk
740 kr/stk

Styrktarflokkaður burðarviður



48x198 mm **48x223 mm**

376100-169

376200-269



Gipsplata



120x255 sm, 13 mm

120115

Panill

Grindarefni heflað 34x95 mm

534600-660

Verð áður 261 kr/m
195 kr/m

Grindarefni heflað 45x95 mm

534600-660

Verð áður 94 kr/m²
59 kr/m



Rakaserruplast, 2,8x25 m

820200

Nótaðar spónarplötur



Spónarplata 60x252 sm, 12 mm

133266

Verð áður 920 kr/stk
690 kr/stk

Spónarplata 60x275 sm, 12 mm

133268

Verð áður 1.085 kr/stk
814 kr/stk




Þykktarheflaður loftunarlisti

24x22 mm

2600

Verð áður 29 kr/m
22 kr/m

Byggingarefnið færðu hjá okkur



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

Samfylkingin hefur eitt hlutverk

UMRÆÐAN
SAMFYLKING



GUNNAR KARLSSON

Sjálfstæðisflokkurinn hefur stjórnad íslenska ríkinu í sex áratugi, um það bil síðan nýsköpunarstjórnin tók við af ut-anþingsstjórn Björns Þórðarsonar haustið 1944. Samstarfsflokkar sjálfstæðismanna hafa að vísu fengið að ráða ýmsu á sérsviðum ráðuneyta sem þeirra menn hafa farið með, en eðlilega hefur Sjálfstæðisflokkurinn alltaf sett stefnuna í meginstjórnir hafa líka rofið stjórnartíma sjálfstæðismanna annað kastið, um nálægt því þriggja ára skeið hvert sinn. En þær hafa aldrei verið annað en skammvinnar og oftast fremur misheppnaðar tilraunir til að taka við stjórnartaumum. Og oft var eins og margir af stuðningsmönnum vinstristjórna tækju meira mark á því sem Sjálfstæðisflokkurinn og Morgunblaðið héldu fram en sjálfir ráðherrarnir. Jafnvel í stjórnarandstöðu var Sjálfstæðisflokkurinn voldugri en lítill stjórnarflokkur í þriggja flokka samsteypustjórn.

Að losna við Sjálfstæðisflokkinn?

Nú hefur Sjálfstæðisflokkurinn vissulega gert margt vel á þessu 60 ára skeiði. Að sumu leyti hefur hann komið fram eins og umhyggjusamur skandinavískur krataflokkur, og hann hefur varla hætt sér út í róttækari markaðshyggju en Verkamanna-flokkur Blairs í Bretlandi. Samt

eru völd Sjálfstæðisflokksins löngu farin að hindra æskilega þróun íslenska samfélagsins. Hér er aðeins rúm til að nefna tvennt:

Annað er það að flokkurinn hefur smám saman orðið allt of heimaríkur í íslenskum ríkisstofnunum. Þar er nærtækast að nefna hvernig æðsta stjórn Seðlabankans er löngum notuð sem lífeyrissjóður fyrir stjórn-málamenn flokksins og þeirra flokka sem hann lætur styðja sig til valda hverju sinni.

Hitt er það að samfélagslegur jöfnuður og samhjálp hafa aldrei orðið að algeru forgangsverkefni á Íslandi á sama hátt og í grannríkjum okkar á Norðurlöndum, þar sem sósíaldemókratar hafa stjórnad langtímum saman. Íslendingar eru

Ef Samfylkingin ætlar að eiga von um að ljúka því ætlunarverki sínu að breyta íslensku stjórnmalakerfi þá er það eitt sem hún má aldrei, aldrei gera, fyrr en þá eftir að ætlunarverkinu er lokið, að mynda ríkisstjórn með sjálfstæðismönnum. Ekki af því að sjálfstæðismenn séu endilega verri í samstarfi en annarra flokka fólk, heldur af því að það leiðir Samfylkinguna afvega.

svoltið of uppteknir af því að komast mikið áfram (flestar með litlum árangri); hinn tiltölulega nægjusami alþýðumaður hefur aldrei orðið gersamlega eðlileg viðmiðun hjá okkur. Skattakerfið þjónar slíkum manni ekki, varla félagsþjónustan heldur, þótt þar sé margt gert vel. Og eftir því sem markaðsbúskapur verður einráðari í viðskiptalíf-inu með vaxandi einkavæðingu verður einmitt mikilvægara að ríkið sé ekki undir stjórn markaðshyggjumanna. Því þurfum

við endilega að fara að losna við Sjálfstæðisflokkinn úr stjórnar-ráðinu.

Hlutverk Samfylkingar

Ég hef alltaf lítið svo á að Samfylkingin hafi verið stofnuð til þess að binda enda á valdaskeið Sjálfstæðisflokksins. Hún var tilboð til kjósenda um annan, raunverulegan valkost í íslenskum stjórnmalum. Hún átti að innleiða hér einhvers konar tveggja flokka kerfi í stað þess eins flokks kerfis sem við höfum búið við í sex áratugi, kerfi þar sem kjósendur gætu valið á milli valdhafa.

Augljós undanfari Samfylkingarinnar var Reykjavíkurlistinn í borgarstjórn Reykjavíkur, sem hnytti endahnút á rúmlega sex áratuga langt valdaskeið Sjálfstæðisflokksins í borginni. Ég

göngu við vinstri græna, þó að þeir yrðu fyrstir til að stíga skrefið út af Reykjavíkurlistanum. Sjónarmið af þessu tagi heyrir á fundum í Samfylkingunni líka, og það er þeim mun dapurlegra vegna þess sögulega hlutverks sem henni var ætlað.

Af Guðmundi Árna

Allra mest er ég þó undrandi á því sjónarmiði sem kom fram hjá Guðmundi Árna Stefánssyni, alþingismanni og verðandi sendiherra, í viðtali í Tímari Morgunblaðsins 4. september síðastliðinn, þar sem hann heldur því fram að Samfylkingin hefði átt að leita eftir stjórnarsamstarfi við Sjálfstæðisflokkinn eftir síðustu alþingiskosningar. Ætlaði Guðmundur Árni Samfylkingunni þá ekkert stærra hlutverk en að verða svoltið stærri kratasmáflokkur en Alþýðflokkurinn hafði verið og að því skapi sterkari stoð undir völdum Sjálfstæðisflokksins? Hefur hann eftir allt saman aldrei séð svo langt út fyrir landsteinana að hann gæti ímyndað sér stóran krataflokk við völd á Íslandi?

Ef Samfylkingin ætlar að eiga von um að ljúka því ætlunarverki sínu að breyta íslensku stjórnmalakerfi þá er það eitt sem hún má aldrei, aldrei gera, fyrr en þá eftir að ætlunarverkinu er lokið, að mynda ríkisstjórn með Sjálfstæðismönnum. Ekki af því að Sjálfstæðismenn séu endilega verri í samstarfi en annarra flokka fólk, heldur af því að það leiðir Samfylkinguna afvega. Ef menn aftur á móti hafa þá pólitíska hugsjón helsta að viðhalda völdum Sjálfstæðisflokksins, þá er einfaldast fyrir þá að kjósa hann. Er listabók-stafurinn ekki D?

Höfundur er prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands.



Ekki að hætta

Guðmundur Magnússon, blaðamaður á Fréttablaðinu, gerir því skóna í blaðinu [á föstudaginn], að túlka megi orð mín hér í dagbókinni sl. miðvikudag á þann veg, að ég sé að hætta í stjórnmalum. Ef hann hefði viljað hafa það, sem sannara reynist, hefði Guðmundur hæglega getað sent mér töluvpóst og spurt, hvort túlka mætti orð mín á þennan veg. Hann hefur líklega grunað, að ég mundi svara honum neitandi, svo að hann kaus að bera eigin hugarburð á borð fyrir lesendur í þessum búningi: Þess vegna eru ýmsir að spá því að hann fari sjálfur til starfa á öðrum vettvangi innan tíðar. Tíminn leiðir í ljós hvort það er rétt. Ég veit ekki við hvað á að kenna skrif af þessum toga, en eftir miðja síðustu öld þótti mönnum það almennt ekki til eftirbreytni að halda einhverju fram og segja síðan, að það hefði getað verið satt. Við erum nú á nýrri öld og læri menn ekki af sögunni falla þeir auðveldlega í pytti.

Björn Bjarnason á bjorn.is

Eins og aflóga foringi

Einhvern veginn átti ég ekki von á að Davíð færi að álpast þetta yfir hólinn í stól seðlabankastjóra eins og hver annar aflóga stjórnmalaforingi. Hélt í bernsku minni að þeim tíma væri lokið. En jæja, látum það vera. Það bætir nú heldur ekki myndina að laun seðlabankastjóra hækki um leið um heil 27 prósent, í 1.3 milljónir króna. Gerist það hins vegar, sem Fréttablaðið telur mögulegt en ég trúir ekki fyrr en að fullreyndu, að Davíð þiggi ofurlaunum til viðbótar aukasporslur upp á hundruði þúsunda úr eftirlaunastjórnmalamanna, sem hann setti sjálfur á sem forætisráðherra, þá stappar það nærri síðleysi svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Eiríkur Bergmann Einarsson á eirikurbergmann.is

brúum bilið -tölum tungum

Námskeið fyrir félagsmenn BSRB um allt land

Enska – Danska – Spænska
Þýska – Franska
Íslensk ritun

Sjá um framboðið á hverjum stað hverju sinni:

Höfuðborgarsvæði - www.framvegis.is - 581 4914

Suðurnes - www.mss.is - 421 7500

Suðurland - www.sudurland.is/fraedslunet - 480 8155

Vestmannaeyjar - www.viska.eyjar.is - 481 1950

Austurland - www.fna.is - 471 2838

Pingeyjarsýslum - www.fraething.is - 464 0454

Eyjafjörður og nágrenni - www.simey.is - 460 5720

Norðurland Vestra - www.farskolinn.is - 455 6010

Vestfirðir - www.frmst.is - 456 5025

Vesturland - www.simenntun.is - 437 2390



Tungumálaátak BSRB í samvinnu við Framvegis, miðstöð um símenntun og fræðslu- og símenntunariðstöðvar landsins.

JOHNNY CASH (1932-2003)
þennan dag



„Eftir um það bil þrjú tíma sagði raddþjálfarinn minn: Ekki fara í raddþjálfun. Gerðu þetta á þinn hátt.“

- John R. Cash var bandarískur tónlistarmaður og söngvari. Hann samdi lög á borð við, A boy named Sue og Man in black.

tímamót

tímamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST > 12. SEPTEMBER 1940

Forsögulegar hellamyndir finnast í Frakklandi

Á þessum degi árið 1940 eltu fjórir unglingar hund inn um þröngan hellismunna nærri Montignac í Frakklandi. Þar beið þeirra ótrúleg sjón. Fimmtán- til sautján þúsund ára gamlar veggmyndir af ýmsum dýrum. Myndskreytingarnar eru eitt besta dæmi sem til er um listaverk frá fyrri hluta steinaldar.

Lascaux-hellirinn sem myndirnar fundust í er 20 metrar að breidd og fimm metrar á hæð. Veggina skreyta um sex hundruð myndir af dýrum og táknum og um fimmtán hundruð bergristur. Myndirnar af dýrunum

eru ótrúlega nákvæmar. Þar má líta hesta, dádýr, hirti, naut og einnig goðsagna-kenndar verur. Aðeins er mynd af einni mannveru og er hún með fuglshaus og reistan getnaðarlim.

Fornleifafræðingar telja að hellirinn hafi verið notaður sem miðstöð veiði- og trúarlegra athafna í langan tíma.

Lascaux-hellirinn var opnaður almenningi árið 1948 en honum var lokað árið 1963 af því að birtan frá lýsingunni hafði deytt liti myndanna og orðið til þess að þörungar höfðu sest á nokkrar þeirra. Eftirmynd var gerð af hellin-



MYNDIR Í LASCAUX-HELLI

um þar í grenndinni og opnuð almenningi árið 1983.

MERKISATBURÐIR

- 1909 Sjúkrasamlag Reykjavíkur er stofnað að frumkvæði Oddfellow-reglunnar.
- 1953 John F. Kennedy öldungadeildarþingmaður giftist Jacqueline Bouvier.
- 1953 Nikita Khrushchev er valinn leiðtogi Sovétríkjanna.
- 1962 Forsætisráðherra Íslands, David Ben Gurion, kemur í opinbera heimsókn til Íslands.
- 1970 Kristnihald undir Jökli, leikrit Halldórs Laxness, er frumsýnt hjá Leikfélagi Reykjavíkur.
- 1977 Steven Biko, einn ötulasti baráttumaður fyrir réttindum blökkumannanna í Suður-Afríku, lætur lífið af völdum höfuðáverka sem hann hlaut eftir barsmiðar rannsóknarlögreglumanna sex dögum fyrr.
- 1985 Fallhlífastökkvarar frá Akureyri setja Íslandsmet í greininni þegar þeir stökkva úr 21 þúsund feta hæð.

AFMÆLI



Jón Hákon Magnússon, framkvæmdastjóri KOM, er 64 ára.



Luca Lúkas Kostic knattspyrnuþjálfari er 47 ára.



Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair, er 47 ára.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfari í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið tímamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

LEGSTEINAR
S. HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is



Bróðir okkar og mágur

Guðjón Jóhann Jóhannsson
Reitarvegi 6, Stykkishólmi

verður jarðsunginn frá Stykkishólmskirkju miðvikudaginn 14. september kl. 14.00. Þeim sem vilja minnst hans er bent á St. Franciskusspítalann í Stykkishólmi.

Hrefna Þorvarðardóttir
Þór Jóhannsson
og fjölskyldur

Hannes K. Gunnarsson
Erna Arnórsdóttir

Fróðleikur af gardur.is



Verkalýðsfrömuður og kvæðakona:

Þuríður Friðriksdóttir

Þuríður Friðriksdóttir var fædd að Þorgrímsstöðum á Vatnsnesi 27. apríl 1887, dóttir Friðriks bónda Gunnarssonar og k.h. Sigurlaugar Gunnlaugsdóttur. Hún fluttist 1914 til Reykjavíkur og skipaði sér brátt í sveit þeirra sem börðust fyrir rétti verkafólks. Var félagi í fyrsta jafnaðarmannafélaginu þar, starfaði í Verkamannafélaginu Framsókn, en gerðist svo frumkvöðull að stofnun Þvottakvennafélagsins Freyju 1932. Var formaður þess til æviloka, einnig fulltrúi þess á ASÍ-þingum og víðar. Var hún vakin og sofin yfir velferð þess og félagskvennanna. Átti lengi sæti í Mæðrastyrksnefnd og starfaði í Kvenréttindafélaginu. Helgaði sig félagsskapnum Vorboðanum sem rak stórt vistheimili á sumrin fyrir fátæk börn. Var virkur félagsmaður í Alþýðuflokknum og síðar í Sósíalístaflökknum og sat um hríð í miðstjórn hans. Ásamt þremur systkinum sínum o.fl. stofnaði hún kvæðamannafélagið löðinni 1929. Sjálf var hún snjall hagyrðingur og kvað kvenna bezt; má hlusta á ýmsar stemmur hennar á veraldarvefnum. Hún var fríð kona sýnum, hreinskilin, skapheit og vel máli farin. „Þegar hún hreifst af einhverju, brunnu augu hennar og eins og lýsti af henni allri“. Þessi aðsópsmikla, hjartagóða baráttukona andaðist þann 13. des. 1954. Maður hennar (23. marz 1918) var Þorlákur G. Ottesen, f. 18. júlí 1894, verkstjóri við Reykjavíkurhöfn. Þau áttu sex börn.

Meira um hana á gardur.is

Hægt er að setja inn ævirdrög látinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.

gardur.is



ÞÓRUNN ERNA CLAUSEN Ein eftirminnlegasta afmælisgjöfin sem Þórunn hefur fengið var gefin henni fyrir tveimur árum þegar maður hennar söng rómantískt lag fyrir hana inn á disk.

ÞÓRUNN ERNA CLAUSEN LEIKKONA ER ÞRÍTUG:

Hápunktur ársins að verða móðir

Leikkonan geðþekka Þórunn Erna Clausen er ekki mikið fyrir að halda stórt upp á afmælið sitt. „Ég vil frekar skella mér til útlanda fyrir sama pening og það myndi kosta,“ segir hún og hlær, en segir þó aldrei að vita nema hún haldi veglega upp á þrítugsafmælið síðar á árinu. Í kvöld ætlar hún að fara út að borða með sínum allra nánustu eins og hún gerir oft af þessu tilefni.

Fátt verður um svör þegar Þórunn er innt eftir því hvers hún óski sér í afmælisgjöf. „Það er svolítið fyndið að þegar maður er kominn með lítið barn hugsar maður bara um það sem mann langar í fyrir barnið. Maður fer í búðir og langar

ekki í neitt sjálfan heldur kaupir maður fót á barnið,“ segir Þórunn, sem eignaðist lítinn dreng í maí á þessu ári.

„Ég er lítið fyrir að eyða í vitleysu og vil heldur fá eitthvað sem mig vantar eða eitthvað lítið og fallett,“ segir Þórunn glaðlega, en skemmtilegasta gjöfin sem hún hefur fengið var frá manni hennar Sigurjóni Brink fyrir tveimur árum. „Hann söng ofsalega fallett lag inn á disk fyrir mig,“ segir Þórunn Erna ánægð með þessa rómantísku gjöf.

Sem stendur er Þórunn í barn-eignarfrí en vinnur með að hluta. Í vetur mun hún sýna á Broadway fjórða árið í röð. Hún segir það

fara ágætlega saman að vera móðir og leikkona enda eigi hún góða að þegar vantar pössun. „Þegar maður er ekki að æfa fyrir eitthvert stykki hefur maður meiri tíma á daginn en aðrir,“ segir Þórunn, sem finnst móðurhlutverkið yndislegt. „Manni finnst náttúrulega eins og enginn annar í heiminum geti verið að upplifa þetta því það er svo frábært. Svo horfir maður í kringum sig og það hefur annar hver maður upplifað það sama,“ segir hún hlæjandi.

Að verða móðir er því án efa hápunktur ársins hjá Þórunni. „Það að verða þrítugur er bara eitthvað grín,“ segir hún og hlær dillandi hlátri. ■

FYRSTA STARFIÐ: BJARTMAR GUÐLAUGSSON TÓNLISTARMAÐUR

Í sjálfstæðan rekstur níu ára

„Jesús minn almáttugur,“ hváir Bjartmar Guðlaugsson tónlistarmaður inntur eftir fyrsta starfinu. „Þá þarf að ferðast nokkuð langt aftur í tímann,“ en eftir stutta upprifjun er það komið: „Jú, fyrsta starfið var að slíta humar í Vestmannaeyjum þegar ég var svona níu eða tíu ára.“

Bjartmar segir starfið hafa verið létt og löðurmennlegt enda hafi fyrst og fremst börn verið fengin til starfans. „Þetta var sumarvinna og maður beið alltaf eftir að það væri flaggað á kajanum; það þýddi að það væri kominn humar.“ Þar sem Bjartmari líkar að vera sjálfs sín herra lét hann sér ekki nægja að vera launamaður heldur fór fljótlega í sjálfstæðan rekstur. „Ég gellaði líka eins og ég ætti lífið að leysa og seldi gellur.“ Launin voru ágæt minnir hann, en fóru öll í „neyslu“. „Það var keyptur slatti af nammi fyrir



launin, maður fór ekki fram á mikið meira.“

Bjartmar hélt sig við slorið næstu ár, fór austur á firði að velta tunnum og var síðar til

sjós. En hann er ekki í vafa um hvaða áhrif fyrsta starfsreynslan hafði á vinnusíðferði sitt síðar meir. „Ekki nokkur!“ segir hann og skellihlær. ■

Canon

TILBOÐ DAGANA 12-17 SEPT. EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST


IP4000



IP4000 VINSÆLASTI LJÓSMYNDAPRENTARINN

5 STÖK HYLKI

5 sjálfstæð hylki fyrir hámarksnýtingu allra lita og fullkomna ljósmyndaprentun



NÝ TÆKNI-MERI GÆÐI

Ný PIXMA tækni ásamt FINE tækninni skilar einstökum gæðum í prentun á ljósmyndum



HRAÐVIRKUR

Ótrúlegur hraði allt að 25 bls. á mín í svörtu, 17 bls. í lit og prentar 10x15, 4800x2800dpi



PRENTAR BEINT Á CD

Prentar í ljósmyndagæðum beint á geisladiskinn bara að stinga honum í CD bakkan



FULL BLÆÐING

Prentar í fullum gæðum út á það pappír allt að A4, prentar einnig sjálfvirkri báðu megin í einu (Duplex)



HAGKVÆMUR

Hagkvæmur í rekstri enda er gott verð á öllu Canon bleki og stök hylki fyrir hvern lit



VERÐ 12.900



CANON iP6000D

- Hagkvæmt 6 hylkja kerfi, stór LCD litaskjár
- Ný PIXMA tækni skilar einstökum gæðum á ljósmyndum
- Full blæðing á A4 í 4800x1200 punkta upplausn
- Prentar beint á geisladiska og beint af minniskortum
- 11 bls á mínútu í svörtu og 9 bls á mínútu í lit

VERÐ 21.900



CANON iP5000

- 5 hylkja kerfi, mjög hagkvæmur í rekstri
- Ný PIXMA tækni skilar einstökum gæðum á ljósmyndum
- Full blæðing á A4 í allt að 9600x2400 punkta upplausn
- Prentar beint á geisladiska (innbyggður CD bakki)
- 25 bls á mínútu í svörtu og 17 bls á mínútu í lit

VERÐ 16.900



CANON iP2000

- Hraðvirkur og nettur prentari
- 4800x1200dpi upplausn, full blæðing
- 20 bls/mín í SH, 15 bls/mín í lit
- Ný PIXMA tækni tryggir myndgæðin

VERÐ 7.990



CANON iP3000

- 4 Hylkja kerfi, prentar á geisladiska
- 4800x1200dpi upplausn, full blæðing
- 22 bls/mín í SH, 15 bls/mín í lit
- Ný PIXMA tækni tryggir myndgæðin

VERÐ 9.990



POWERSHOT A95

- 5 MegaPixel upplausn
- 3xOptical Zoom Canon linsa
- 1.8" snúanlegur LCD skjár
- VGA kvikmyndaskeið með hljóði
- 9 Punkta sjálfvirkur fókus

VERÐ 29.900



CANON IXUS 700

- 7.1 MegaPixel upplausn, 2" skjár
- 3xOptical Zoom Canon linsa
- VGA 30fps kvikmyndaskeið
- Lithium rafhlada, tengist í USB2
- Ótrúlega létt aðeins 170 gr.

VERÐ 39.900

TILBOÐ GJALDA DAGANA 12-17 SEPTEMBER EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST • ÖLL VERÐ OG UPPLÝSINGAR BIRT MEÐ FRIÐRYKARA UM BRETINGAR OG PRENTVILLUR

TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400



70 marka munur

Valmenn slógu út georgíska liðið H/C Tbilisi með 70 marka mun. Valmenn unnu fyrri leikinn 51-15 á laugardag og þann seinni 47-13 í gær. Valur vann því samanlagt 98-28. Fannar Friðgeirsson var markahæstur Valsmanna með 20 mörk eða aðeins átta færri en allt georgíska liðið skoraði til samans. Valur mætir finnska liðinu Sjundeva IF í 2. umferð.

sport
sport@frettabladid.is

TEITUR ÞÓRÐARSON: MENNTAÐASTI ÍSLENSKI ÞJÁLFAVINN Á HEIMLEIÐ EFTIR 30 ÁR Í EVRÓPU

Ætlar að byggja upp unga leikmenn í KR

Teitur Þórðarson hefur skrifað undir fimm ára samning um að taka við liði KR í Landsbankadeildinni. Teitur sem kom síðast að íslenski knattspyrnu sem leikmaður í Á 1976 snýr nú aftur til Íslands eftir 30 ár í evrópska boltanum þar sem hann sem leikmaður og þjálfari hefur spilað í Svíþjóð, Frakklandi, Sviss, Noregi og Eistlandi. Teitur hefur verið starfandi knattspyrnuþjálfari síðan 1987 en hefur aldrei komið fyrr til greina með að þjálfari íslensku deildinni. „Íslensk lið hafa verið mikið í sambandi við mig í gegn um árin, en þau voru færri nú í ár,“ segir Teitur sem var ekkert á leiðinni heim en leist svo vel á framtíðarsýn Vestur-

bæinga að hann sló til og tók við liðinu. „Ástæðan er fyrst og fremst sú að mér finnst þetta spennandi verkefni sem þeir eru að fara út í. Það felst í uppbyggingu á ungu leikmönnum og stefnan er sett á að vera með sem allra flesta uppaldna heimamenn í liðinu, sem kæmu þá úr yngri flokka starfinu. Það var það sem heillaði mig mest,“

segir Teitur, en hann hefur sterkar skoðanir á því hvernig eigi að haga hlutunum. „Það sem hefur verið vandamál hérna heima hefur verið að leikmenn hafa ekki haft aðstöðu til að æfa eins mikið og þeir þyrftu, en á stefnuskránni hjá okkur er að efla mjög æfingar og æfingaaðstöðu hjá yngri leikmönnum hjá félaginu til að gera okkur kleift að fá fleiri góða leikmenn úr yngri flokkunum hjá félaginu. Mörg lið hafa freistast til þess að vera að kaupa mikið af leikmönnum og jafnvel útlendingum, en með markvissri uppbyggingu yngri leikmanna ætti þetta að breytast,“ segir Teitur en óttast ekki kröfurnar í Vesturbænum. „Ég er ekkert óvanur miklum kröfum úr deildunum erlendis, þannig að ég er ekkert smeykur við þær.“




> Við fögnum því ...

... að Teitur Þórðarson sé kominn aftur í íslenska boltann eftir þriggja áratuga fjarveru. Íslenska deildin þarfnast manns eins og Teits til að sýna hvernig á að vinna markvissara að uppbyggingu íslenska boltans. Það verður gaman að sjá hvort honum tekst að búa til framtíðarlið í Vesturbænum í kringum uppaldna KR-inga.

> Við hrósum ...

... Gunnari Heiðari Þorvaldssyni sem varð enn á ný hetja Halmstads-liðsins þegar hann skoraði sigurmark liðsins í mikilvægum útsigri á Hacken í gær. Gunnar Heiðar er nú í 2. sæti yfir markahæstu leikmenn sænsku úrvalsdeildarinnar en hann hefur skorað 10 mörk.



Fylkissvipur á sigurhátíð FH-inga

FH fékk afhentan bikarinn fyrir sigurinn í Landsbankadeildinni í gær eftir að hafa tapað fyrir Fylki á heimavelli sínum í Kaplakrika, 2-1. Fylkir tryggði sæti sitt í efstu deild að ári með sigrinum.

| | | |
|----|------------|--------|
| | 1-2 | |
| FH | | Fylkir |

Kaplakrika, áhorf: xxxx Garðar Örn Hinriksson (6)

1-0 Atli Viðar Björnsson (40.)
1-1 Peter Tranberg (60.)
1-2 Peter Tranberg (89.)

TÖLFRÆÐIN

| | |
|---------------------|-------------------|
| Skot (á mark) | 8-13 (2-4) |
| Varin skot | Daði 2 - Bjarni 1 |
| Horn | 3-4 |
| Aukaspjrnur fengnar | 9-12 |
| Rangstöður | 7-0 |

FÓTBOLTI Heimir Guðjónsson, fyrirliði FH, var að sjálfsgöðu ekki sáttur við það að tapa. „Það hefði auðvitað verið gaman að enda þetta á sigri en við getum huggað okkur við það að við erum samt langbestir.“

Fylkismenn mættu ákveðnir til leiks í gær og ógnuðu marki FH í nokkur skipti á fyrstu mínúturnum, án þess þó að skapa mikla hættu upp við mark Íslandsmeistaranna. Á 40. mínútu dró til tíðinda. Atli Viðar Björnsson vann Hrafnkel Helgason í kapphlaupi um boltann vinstra megin, óð inn í vítateiginn og þrumaði boltanum í þaknetið. Vel gert hjá Atla.

Fylkismenn byrjuðu seinni hálfleikinn betur og voru sprækari á fyrstu mínúturnum hálfleiksins. Á 60. mínútu jafnaði Daninn Peter Tranberg metin með skoti af stuttu færi eftir góðan undirbúning Jóns Hermannssonar. Mikill ákafi færðist í leikmenn beggja liða við þetta. FH sótti síðan í sig veðrið en tókst ekki að brjóta sterka vörn Fylkis á bak aftur. Á 88. mínútu tryggði svo Peter Tranberg Fylki sigurinn eft-



FH-INGAR FAGNA Auðun Helgason sýnir fjölmörgum stuðningsmönnum FH Íslandsbikarinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

ir klaufaleg mistök í vörn FH. Tranberg komst í kjölfarið einn í gegnum vörnina og tryggði sigurinn.

Jón Þorgrímur Stefánsson var svo rekinn af velli fyrir að tækla Bjarna Þórð Halldórsson, markvörð Fylkis illa. Valur Fannar

Gíslason, fyrirliði Fylkis, var ánægður með sigurinn. „Við spiluðum vel í dag og áttum þetta skilið. Við ætluðum okkur ekki að treysta á neitt annað en okkur sjálfa og þessi sigur var einstaklega góður hjá okkur.“

magnush@frettabladid.is

Kíktu á **www.hssr.is**

Þú þarft ekki að hafa klifið MT.EVEREST...

KYNNING FYRIR NÝLIÐA

Þriðjudaginn 13. sept kl. 20:00

Malarhöfða 6
110 Reykjavík
Sími 577-1212

HJÁLPARSVEIT SKÁTA Í REYKJAVÍK

www.gitarskoli-olgauks.is

gítar

30

ára

skóli ólafs gauks

Innritun stendur yfir og fer fram daglega kl. 14.00-17.00 í skólanum, Síðumúla 17, símar 588-3730 eða 588-3630, fax: 588-3731, tölvupóstur: ol-gaukur@islandia.is Heimasíða: www.gitarskoli-olgauks.is

Hægt að fá leigða HEIMAGÍTARA kr. 3500 á önn

588-3630

588-3730

Skólinn á 30 ára starfsafmæli um þessar mundir og í boði er úrval námskeiða fyrir alla aldursflokka, byrjendur eða lengra komna. Skemmtilegt nám, fyrsta flokks námsefni, bæklingur í hverjum tíma og geisladiskur til að æfa með heima.

| FH 4-3-3 | FYLKIR 4-3-3 |
|-----------------------|-----------------------|
| Daði 5 | Bjarni Þórður 6 |
| Guðmundur 5 | Ragnar 6 |
| Auðun 6 | Hrafnkell 6 |
| Nielsen 6 | Valur Fannar 6 |
| (46. Ásgeir Gunnar 5) | Gunnar Þór 5 |
| Freyr 4 | *Helgi Valur 8 |
| Baldur 6 | Ólafur 6 |
| Heimir 6 | (79. Kjartan Ágúst -) |
| (70. Jónas Grani 5) | Jón Björgvin 6 |
| Daði Þór 5 | Tranberg 7 |
| Ólafur Páll x | Haukur Ingi 5 |
| (72. Jón Þorgrímur -) | (65. Christiansen 5) |
| Atli Viðar 7 | Viktor Bjarki 6 |
| Tryggvi 5 | |

*MADUR LEIKSINS

LEIKIR GÆRDAGSINS

Landsbankadeild karla:

| STADAN: | | | | |
|-----------|----|----|---|-------------|
| FH | 17 | 15 | 0 | 2 48-10 45 |
| VALUR | 17 | 10 | 2 | 5 28-14 32 |
| ÍA | 17 | 9 | 2 | 6 22-19 29 |
| KEFLAVÍK | 17 | 7 | 6 | 4 27-29 27 |
| KR | 17 | 8 | 1 | 8 21-22 25 |
| FYLKIR | 17 | 7 | 2 | 8 27-28 23 |
| FRAM | 17 | 5 | 2 | 10 18-27 17 |
| ÍBV | 17 | 5 | 2 | 10 18-29 17 |
| GRINDAVÍK | 17 | 4 | 3 | 10 21-40 15 |
| PRÓTTUR | 17 | 3 | 4 | 10 19-31 13 |

MARKAHÆSTIR:
Allan Borgvartd, FH 13
Tryggvi Guðmundsson, FH 13

X-ite

unaðsgel fyrir konur og karla

Xite er unaðsgel sem eykur kynlífsánægjuna, bæði hjá konum og körlum.

Fæst í næsta apóteki

LANDSBANKADEILDIN

Svefn & heilsa



SIGRÍÐUR BEINTEINSDÓTTIR
SÖNGVARI



SVEFN & HEILSA
EF ÞÚ VILT
LÁTA ÞÉR
LÍÐA VEL

Veldu það besta!

SOFÐU VEL - HEILSUNNAR VEGNA

Chiropractic®
2005

NO FLIP



Since
1949



Seage



Þægindasófi

Biflex

IQ-CARE
HEILSUDÝNUR



WALLHUGGER

EITT LANDSINS MESTA ÚRVAL AF STILLANLEGUM RÚMUM

- ★ GÆÐI
- ★ GÓÐ VERÐ
- ★ ÞJÓNUSTA
- ★ ÚRVAL
- ★ ÞEKKING



REYKJAVÍK

AKUREYRI



Svefn & heilsa



Verið velkomin

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opíð virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

HVAD? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

9 10 11 12 13 14 15

Mánudagur

SJÓNVARP

- 07.00 **Olíssport** á Sýn. Þátturinn er endursýndur fjórum sinnum til klukkan 09:30.
- 15.40 **Helgarsportíð** á RÚV. Endursýning frá kvöldinu áður.
- 15.55 **Fótboltakvöld** á RÚV. Endursýning frá kvöldinu áður.
- 16.10 **Ensku mörkin** á RÚV. Bjarni Fel fer yfir leiki helgarinnar. Endursýnt klukkan 23.55 um kvöldið.
- 16.15 **Ameríski fótboltinn** á Sýn. Leikur New York Giants og Arizona Cardinals.
- 18.25 **Spænski boltinn** á Sýn. Leikur Deportivo og Atletico Madrid.
- 18.00 **Þrumuskot** á Enska boltanum. Öll mörk helgarinnar. Endursýnt klukkan 00.00 um kvöldið.
- 18.55 **Enska knattspyrnan** á Enska boltanum. Leikur West Ham og Aston Villa sýndur beint.
- 20.05 **Gillette-sportpakinn** á Sýn.
- 20.30 **Ítölsku mörkin** á Sýn.
- 21.00 **Ensku mörkin** á Sýn. Mörkin og marktækifærin úr enska boltanum, næst efstu deild.
- 21.00 **Að leikslökum** á Enska boltanum. Farið yfir leiki helgarinnar með sparkfræðingum.
- 21.30 **Spænsku mörkin** á Sýn.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- 23.15 **Landsbankadeildarmörkin** á Sýn. Öll mörkin úr 17. umferðinni.
- 00.05 **Meistaradeildin** á Sýn. Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeild Evrópu.

Fullseint í rassinn gripið

KR tókst loksins að leggja Val í sumar, 2-0. Liðið hefur unnið fjóra leiki í röð undir stjórn Sigursteins Gíslasonar en þessi fíni sprettur kemur allt of seint.



KR-völlur, áhorf: 1021 Egill Már Markússon (5)

1-0 Grétar Ólafur Hjartarson (45.)
2-0 Grétar Ólafur Hjartarson (90.)

TÖLFRÆÐIN

| | |
|---------------------|------------------------|
| Skot (á mark) | 13-16 (6-6) |
| Varin skot | Kristján 5 - Kjartan 4 |
| Horn | 4-7 |
| Aukaspjrnur fengnar | 9-18 |
| Rangstöður | 4-0 |

FÓTBOLTI Leikurinn á KR-velli í gær var nokkuð skemmtilegur og hugsanlega sá besti sem þar hefur verið spilaður í sumar. Bæði lið sýndu metnað til þess að sækja og fyrir vikið litu mörg úrvalsferi dagsins ljós. KR nýtti aftur á móti sín færi og þar lá munurinn á liðunum að þessu sinni.

Glæsímark Grétars

Valsmenn voru ívið grimmar og ákveðnari framan af fyrri hálfleiknum. Garðar Gunnlaugsson og Guðmundur Benediktsson komust báðir nærri því að skora en höfðu ekki heppnina með sér. Það var því örliðið kjaftshögg þegar Grétar Ólafur skoraði glæsímark með skoti fyrir utan teig en það kom nokkuð gegn gangi leiksins.

Síðari hálfleikur var mjög líflegur og mikið gekk á. Bæði lið sköpuðu sér fín færi í hálfleiknum en enginn fékk betri eða fleiri færi en Garðar Gunnlaugsson en honum var algjörlega fyrirhvað að koma boltanum í netið. Trekk í trekk stóð hann einn gegn opnu marki KR en hann lét annaðhvort



DAUÐAFÆRI Garðar Gunnlaugsson úr Val fékk fullt af færum á KR-velli í gær en náði ekki að skora.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Kristján verja eða skaut yfir markið.

Grétar kórnaði síðan góðan leik sinn í uppbótartíma þegar hann kláraði stórglæsilega sókn KR með þrumuskoti. Rógvi Jacobsen á reyndar stóran hluta í markinu enda var stoðsending hans til Grétars stórglæsileg.

Fjórir sigrar í röð

Fjórdi sigur KR í röð er því staðreynd og örugglega var það skrítið fyrir hjálfarann, Sigurstein, að heyra að KR hefði ráðið annan mann í starfið, en Sigursteinn mun verða Teiti til aðstoðar. Stjórnarmenn KR hljóta aftur á móti að naga sig í handarbökin fyrir að hafa ekki rekið Magnús Gylfason fyrr úr starfi því allt annar bragur hefur verið á liðinu

| KR 4-4-2 | VALUR 4-4-2 | | |
|------------------|-------------|-----------------|---|
| Kristján | 7 | Kjartan | 6 |
| Kristinn | 6 | Steinþór | 5 |
| Gunnar E. | 6 | Atli Sveinn | 6 |
| Pauletic | 8 | (52., Matthías) | 3 |
| Bjarni | 5 | Grétar | 6 |
| (20., Gunnar K.) | 5 | Bjarni Ólafur | 6 |
| Sigmundur | 6 | Baldur | 3 |
| Ágúst Þór | 6 | Sigurbjörn | 4 |
| (85., Sigurvin) | - | (76., Hálfán) | - |
| Bjarnólfur | 6 | Stefán Helgi | 5 |
| Garðar | 4 | Sigþór | 4 |
| (76., Sólví) | - | Guðmundur B. | 7 |
| *Grétar | 8 | (76., Sigurður) | - |
| Rógvi | 7 | Garðar | 7 |

*MADUR LEIKSINS

síðan Magnús hvarf úr brúnni. Sigursteinn hefur náð að láta liðið spila þann bolta sem það á klárlega að gera í hverjum leik og Magnúsi tókst aldrei að láta liðið spila af eðlilegri getu.



HART BARIST Morten Gamst Pedersen og Jay Jay Okocha takast á í leiknum í gær.

Enska úrvalsdeildin í gær Ekkert skorað

FÓTBOLTI Bolton og Blackburn skildu jöfn, 0-0, á Reebok-leikvanginum í Bolton. Bolton var sterkara liðið í leiknum en náði ekki að koma boltanum framhjá Brad Friedel í marki Blackburn.

Bæði lið fengu góð marktækifæri í leiknum en inn vildi boltinn ekki og þurftu liðin því að setta sig við jafntefli. Mark Hughes, stjóri Blackburn, hefði viljað fá meira út úr leiknum. „Jafntefli var sanngjörn úrslit. Auðvitað hefði verið betra ef við hefðum nýtt færir betur en því miður gekk það ekki að þessu sinni.“

-mh

Belgíukappaksturinn í gær:

Kimi fljótastur

FORMÚLA Finnski ökuþórinn Kimi Raikkönen heldur enn í veika von um að verða heimsmeistari í Formúlu 1 kappakstrinum eftir góðan sigur á Spa-brautinni í Belgíu í gær. Félagi hans Juan Pablo Montoya leiddi kappaksturinn lengst af, en lenti í óhappi og þurfti að hætta keppni. Fernando Alonso, sem er efstur í keppni ökumanna varð annar og er með 25 stiga forskot á Kimi Raikkönen sem er í öðru sæti þegar þrjár keppnir eru eftir. Michael Schumacher, núverandi heimsmeistari, lenti í árekstri og þurfti að hætta keppni.

**Rétta kerfið
vísar þínu liði
leiðina til árangurs**

Samhent starfslið Tæknivals
vinnur að því sem ein heild
að skapa samskiptakerfi og tæknilausnir
fyrir fyrirtæki af öllum stærðum.
Besta lausnin er alltaf fólgin í sterkri heild.

Þróttarasigur í ótrúlegum leik

Staða Grindavíkur versnar enn eftir 4. tapið í röð á útivelli. Sigurmark Þróttar kom í uppbótartíma.



Þróttur

3-2



Grindavík

Laugard.v., áhorf: 456  (5)

- 1-0 Halldór Hilmisson (55.)
- 1-1 Paul McShane (76.)
- 2-1 Páll Einarsson (82.)
- 2-2 Robert Niestroj (90.)
- 3-2 Ingvi Sveinsson (90.)

TÖLFRÆÐIN

| | |
|---------------------|--------------------|
| Skot (á mark) | 15-18 (10-11) |
| Varin skot | Fjalar 9 – Savic 7 |
| Horn | 6-7 |
| Aukaspynnur fengnar | 15-13 |
| Rangstöður | 6-3 |

FÓTBOLTI Grindvíkingar verða að sigra lokaleik sinn gegn Keflavík næsta laugardag í Landsbankadeild karla ætli þeir sér að eiga einhvern möguleika á að halda sér uppi. Í gær töpuðu þeir fyrir botnliði Þróttar 3-2 í hreint út sagt ótrúlegum leik.

Þrátt fyrir markaleysi í fyrri hálfleik var mikið líf í leiknum. Markverðir beggja liða vörðu



meistaralega en fimm mörk litu síðan dagsins ljós í seinni hálfleik en Þróttur komst þá þrisvar yfir.

Páll Einarsson kom Þrótti yfir í 2-1 með umdeildu marki þegar hann lagði boltann greinilega fyrir sig með hendinni og staðan var 2-1 þegar 90 mínútur voru komnar á vallarklukkuna. Þá tók við ótrúlegur kafli. Grindavík jafnaði með marki Roberts Niestroj en aðeins mínútu síðar skoraði Ingvi Sveinsson sigurmark Þróttar.

Nú verða leikmenn Grindavíkur að spýta í lófana og sigra ná-


granna sína í Keflavík og treysta á að ÍBV og Fram vinni ekki sína leiki. Grindavík er eina liðið í sögu efstu deildar sem aldrei hefur fallið. Milan Stefán Jankovic, þjálfari Grindavíkur, hefur enn trú á að liðið haldi sér.

„Það var alveg hræðilegt að fá þetta mark á sig í lokin því stig úr þessum leik hefði verið gott upp á framhaldið. En við í Grindavík ætlum okkur að halda okkur og vonandi vinna hin liðin ekki leiki sína,“ sagði Milan Stefán eftir leik.


| ÍBV 4-4-2 | ÍA 4-3-3 |
|-----------------------|----------------------|
| Hrafn 5 | Páll Gíslí 5 |
| Pétur R. 4 | Pálmi 5 |
| Páll Hjarðar 4 | *Gunnlaugur 7 |
| Varenkamp 4 | Reynir 6 |
| Bjarni Geir 4 | Guðjón Heiðar 5 |
| Jeffs 4 | Pesic 5 |
| (74., Bjarni Rúnar) 4 | (55., Jón Vilhelm) 5 |
| Platt 4 | Helgi Pétur 6 |
| Heimir Snær 4 | Kári Steinn 6 |
| Andri 5 | Martin 6 |
| Steingrímur 4 | (85., Finnbogi) 5 |
| Atli 5 | Andrés 5 |
| (74., Bjarni Hólm) 4 | (74., Andri) 5 |
| | Sigurður Ragnar 6 |


*MADUR LEIKSINS

SIGURMARKINU FAGNAÐ Hallur Hallsson og Erlingur Þór Guðmundsson fagna hér Ingva Sveinssyni eftir að hann hafði skorað sigurmark Þróttara í uppbótartíma gegn Grindavík.



0-2



Hátsteinsv., áhorf: 525  (5)

0-1 Sigurður Ragnar Eyjólfsson (56.)
0-2 Andri Júlíusson (87.)

TÖLFRÆÐIN

| | |
|---------------------|------------------------|
| Skot (á mark) | 6-10 (0-5) |
| Varin skot | Hrafn 3 – Páll Gíslí 0 |
| Horn | 5-3 |
| Aukaspynnur fengnar | 18-11 |
| Rangstöður | 1-2 |



ÁFRAM Á SKOTSKÖNUM Sigurður Ragnar Eyjólfsson skoraði fyrir ÍA í Eyjum.

Skagamenn unnu í Eyjum: Rosa barátta

FÓTBOLTI „Við hittum ekki á góðan leik í dag hverju sem um er að kenna. Við eigum verðugt verkefni í næstu umferð þar sem við höfum aðeins hlotið 2 stig á útivelli í sumar. Við þurfum að tjásla okkur saman og finna lausn á því hvað við vorum að gera rangt í dag,“ sagði Guðlaugur Baldursson, þjálfari ÍBV, eftir að Skagamenn höfðu unnið samferandi 2-0 sigur á Hásteinsvelli þar sem Eyjalíðið hefur tekið 15 af þeim 17 stigum sem liðið hefur í Landsbankadeildinni.

Sigurður Ragnar Eyjólfsson kom ÍA yfir á 56. mínútu og Andri Júlíusson bætti svo við öðru marki undir lok leiksins „Þetta var rosa barátta og það er alltaf mjög erfitt að spila hérna í Eyjum. Um leið og við náðum að skora varð pressan minni á okkur og við gátum legið aðeins til baka,“ sagði Sigurður Ragnar sem skoraði í þriðja leiknum í röð.

| ÞRÓTTUR 4-4-2 | GRINDAVÍK 4-4-2 |
|--------------------|-----------------|
| *Fjalar 8 | Savic 6 |
| Freyr 4 | Sveinn Þór 4 |
| (46. Erlingur) 6 | Óðinn 5 |
| Eysteinn 6 | Óli Stefán 6 |
| Kristinn 5 | Eyþór Atli 5 |
| Ingvi 6 | Niestroj 7 |
| Jens 6 | Eysteinn 5 |
| Halldór 7 | Guðmundur 6 |
| Hallur 7 | (77. Alfreð) 6 |
| Ólafur T. 5 | McShane 7 |
| Páll 6 | Óskar Örn 7 |
| Þórarinn 3 | Magnús 6 |
| (89. Magnús Már) - | |

*MADUR LEIKSINS

Keflvíkingar unnu í gær sinn fyrsta heimaleik í deildinni síðan KR-ingar heimsóttu þá í maímánuði.



2-1



Keflavík, áhorf: 615  (5)

- 1-0 Hörður Sveinsson (7.)
- 2-0 Guðmundur Steinarsson (34.)
- 2-1 Andri Fannar Ottósson (35.)

TÖLFRÆÐIN

| | |
|---------------------|-------------------|
| Skot (á mark) | 14-9 (8-4) |
| Varin skot | Ómar 3 – Gunnar 7 |
| Horn | 11-4 |
| Aukaspynnur fengnar | 6-10 |
| Rangstöður | 1-2 |

Sama sagan hjá Fram

FÓTBOLTI „Ég hefði aldrei sétt mig við jafntefli úr þessum leik. Við fengum aragrúa marktækifæra í fyrri hálfleiknum og áttum að hafa náð að skora fleiri mörk,“ sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur eftir góðan heimasigur á Fram í gær. Rokið hafði talsverð áhrif á leikinn og heimamenn höfðu tögl og hagldir í fyrri hálfleiknum en öll mörkin komu fyrir hlé. Seinni hálfleikur var lítið fyrir augað og

fátt markvert sem gerðist. Frömurum tókst ekki að ógna marki heimamanna og Keflvíkingar hrósuðu því verðskulduðum sigri 2-1. Enn eitt árið berjast Framarar því við fallið í lokaumferð.

„Ég get eiginlega ekkert sagt! Þeir spiluðu bara betur og áttu þetta skilið. Nú þurfum við bara að bjarga okkur í síðasta leik enn eitt árið,“ sagði Gunnar Sigurðsson, markvörður Fram í leikslök.

| KEFLAVÍK 4-4-2 | FRAM 4-4-2 |
|--------------------|-------------------|
| Ómar 5 | Gunnar 6 |
| *Jónas Guðni 7 | Eggert 4 |
| Guðmundur 6 | (46. Daði) 5 |
| Gustafsson 5 | Þórhallur Dan 4 |
| Guðjón Árni 5 | Kristján 5 |
| Bjarni 5 | Gunnar Þór 5 |
| (80. Stefán Örn) - | Karlefjard 5 |
| Baldur 5 | Mathiesen 5 |
| Kadir 5 | Viðar 4 |
| (33. Einar Orri) 5 | (71. Ríkhartur) - |
| Hólmur Örn 6 | Kristófer 4 |
| Hörður 6 | (60. Viðir) 4 |
| Guðmundur 6 | Andri Fannar 6 |
| (90. Jóhannsson) - | Henriksen 5 |

*MADUR LEIKSINS



Tækniþing

– sterk heild

SKEIFUNNI 17 Sími: 550 4000 www.taekniþing.is



90,9

MORGUNÚTVARPIÐ
Í umsjón Sigurjóns M. Egilssonar og Gunnhildar Örnú Gunnarsdóttur. Á Talstöðinni alla virka daga kl. 7.

GOTT FOLK MCGANN

STUÐ MILLI STRÍÐA : Oddur Ástráðsson er fluttur

ENN AF HÚSNÆÐISBASLI



Í síðustu viku deleraði ég hér í þennan dálk um húsnæðisbasli mitt, hversu þungbært mér væri að komast ekki inn í íbúðina sem ég hafði beðið eftir í rúman mánuð.

Í vikunni dró til tíðinda, maðurinn sem hafði setið sem fastast leigusamningslaus og skuldandi á þriðja hundrað þúsund lét loksins til leiðast og fór úr íbúðinni sem ég hafði beðið eftir allan þennan tíma. Það var sem við manninn mælt, ég mætti auðvitað beint á staðinn til að skoða og leist líka svona skrambi vel á slotið. Hand-

salaði samning við leigusalann þá seinna um daginn og hóf undirbúning fyrir flutninga.

Þá tók auðvitað við annar höfuðverkur, nema hvað. Einhver sagði mér einu sinni að fátt væri jafn streituvaldandi í þessu lífi en einmitt það að flytja. Ég komst að því af eigin raun að kálið er síður en svo sopið þó að í ausuna sé komið.

Fyrst þurfti að þrifa, í hólf og gólf. Þá meina ég þrískúra öll gólf, tvískúra vegg, sóthreinsa baðið með öllum þeim eitrefnum sem fást til slíkra verka í stórmörkuðum þessa lands (trúið mér, það veitti ekki af). Sú hreingerning tók vel yfir fimm tíma, jafnvel þó svo góðir menn hafi hjálpað til.

Þá átti auðvitað eftir að pakka öllu draslinu niður á gamla staðnum og flytja á milli. Það var gert á föstudagskvöld, kallaður út sérlegur flutningaher og allt draslið borið út í kassabíl og inn á nýja staðnum á rétt um klukkutíma. Mútur í mannskapinn; pitsur og bjór. Þá var hálfur sigur unninn, enn er verið að raða í hillur og taka upp úr kóssum.

Á morgun þarf ég svo að þrifa á gamla staðnum (það tekur örugglega aðra fimm tíma til). Landið er þó að rísa.

Síðasti pistill endaði á orðinu „ómurlegt“, þessi mun enda á jákvæðari nótum:

Oddur er barasta bjartsýnn á framhaldið.

myndasögur


PONDUS

Eftir Frode Överli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



PÚ OG PA

Eftir SÖB



KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



Léttar og þægilegar

TASKI swingo 750 B
36 mán. samningur: 15.638 kr/mán

TASKI swingo 1250 B
36 mán. samningur: 22.624 kr/mán

TASKI swingo 3500 B
36 mán. samningur: 47.173 kr/mán

TASKI

Engin fjárbinding!
Engin útborgun!

Gólfþvottavélar á rekstrarleigu

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhusun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 4 | 2 | 7 | 9 | 3 | 6 | 8 |
| 2 | 3 | 8 | 5 | 1 | 6 | 4 | 7 | 9 |
| 7 | 9 | 6 | 4 | 3 | 8 | 2 | 1 | 5 |
| 6 | 4 | 5 | 9 | 2 | 7 | 1 | 8 | 3 |
| 3 | 1 | 9 | 6 | 8 | 5 | 7 | 4 | 2 |
| 8 | 7 | 2 | 3 | 4 | 1 | 9 | 5 | 6 |
| 4 | 6 | 3 | 1 | 5 | 2 | 8 | 9 | 7 |
| 5 | 2 | 7 | 8 | 9 | 4 | 6 | 3 | 1 |
| 9 | 8 | 1 | 7 | 6 | 3 | 5 | 2 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | | 1 | | 7 | | | 9 |
| 1 | | | | 9 | | 6 | | 5 |
| 4 | | 2 | 3 | | | | 7 | |
| | | | 4 | | | 7 | 9 | 1 |
| | 3 | | | | | | 4 | |
| 9 | 2 | 4 | | | 8 | | | |
| | 7 | | | | 1 | 5 | | 3 |
| 6 | | 8 | | 2 | | | | 7 |
| 5 | | | 9 | | 6 | | 8 | 4 |

su|do|ku
© Puzzles by Pappocom

Skólastyrkur

- fyrir alla!

4Mb/s

extra light

V16

ADSL

SKÓLASTYRKUR
BTnet

Pú færð
BTnet í næstu
verslun BT!

V16 extra light
Ótakmarkað niðurhal!
3.890 kr.

á mánuði allt innifalið auk bíókorts
og áskrift af tónlist.is!

- líka fyrir þá sem
eru í skóla lífsins.

Skólastyrkur BTnet!

BTnet hefur verið í fararbroddi um að bjóða lægsta verðið á ADSL. Nú bjóðum við enn betur. Með skólatilboði BTnet fylgir:

- **Frítt niðurhal** (endalaust eins og þig lystir).
- **Frítt í bíó** (gildir í sex mánuði).
- **Frí tónlist** (gildir í sex mánuði á tónlist.is).

Kíktu við í næstu **BT verslun** og fáðu þér áskrift!

Við hjálpum þér í gegnum
námið **á fullum hraða!**

Nánar á www.btnet.is!

BTNET

www.btnet.is



SMÁRA BÍÓ
HUGSADU STÓRT SIMI 564 0000

DEUCE BIGALOW EUROPEAN GIGOLO
★★★★
-HJ. MBL
-ÓHL. DV
"Hann var kvennabósi mikill... en nú kemur fortíðin í bakíð á honum."
Fékk Grand Prix verðlaunin í Cannes.
Hefur fengið einróma lof gagnrýnenda um heim allan.

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10 B.I. 14 ára
Sýnd í Lúxus kl. 4, 6, 8 og 10

WEDDING CRASHERS
★★★★
-HJ. MBL
Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30

AV NÝTRA FERÐIN
★★★★
-HJ. MBL
Sýnd kl. 4 ÍSLENSKT TAL

LAVAGIRL 3D
Sýnd kl. 4 og 6 í þrívídd

Sýnd kl. 5.45, 8 og 10.20 B.I. 10 ára

Dolby JDDJ IEX BÍÓ.IS – allt á einum stað

REGNBÓGINN
SIMI 551 9000

DEUCE BIGALOW EUROPEAN GIGOLO
★★★★
-HJ. MBL
-ÓHL. DV
"Hann var kvennabósi mikill... en nú kemur fortíðin í bakíð á honum."
Fékk Grand Prix verðlaunin í Cannes.
